



SKOÐUN Endurskoða þarf námslánakerfið, skrifar Guðlaug Kristjánsdóttir. **12**



LÍFIÐ Hin 17 ára Sól Stefánsdóttir verður yngsti keppandinn á súlufimleikamóti í Prag. **26**



SPORT Knattspyrnumaðurinn Kjartan Henry orðinn mjög þreyttur á ásóknunum í sinn í garð. **22**

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

1011

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
2. september 2014
205. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Allir fengu boðsmiða

Hver og einn bæjarfulltrúi í Kópavogi þáði tvo boðsmiða á tónleika Justins Timberlake. Varabæjarfulltrúi Framsóknar fékk enga miða því bæjarfulltrúi flokksins nýtti þá. **2**

Gæti hýst framhaldsskóla

Gamli Kennaraháskólinn í Stakkahlíð gæti hýst framhaldsskóla í framtíðinni. **6**

Vilja fjölga mælum

Sjálfstæðismenn í stjórn Orkuveitunnar vilja láta fjölga mælum vegna mengunar frá orkuverum fyrirtækisins. **8**

Líkjast Dirty Harry

Sænskir lögreglumenn líkjast svolítið Dirty Harry eftir eitt ár í starfi. **10**



Bolungarvík	9°	N	5
Akureyri	12°	SV	7
Egilsstaðir	16°	SV	7
Kirkjubæjarkl.	10°	SV	2
Reykjavík	11°	SV	4

Hlýtt A-lands og bjart en annars stöku skúrur víða um land. Bætur í úrkomu um tíma S- og SA-lands síðdegis. SV-læg 5-10m/s og hiti 8-16 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk



HEILSUFRÉTTIR
FYLGJA
FRÉTTABLAÐINU Í DAG!
Heilsuhúsið

Sjálfstæðisflokkurinn yfir þrjátíu prósentu múrinn

Ný könnun Fréttablaðsins sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur með 31% fylgi. Samfylkingin er næststærsti flokkurinn með 20 prósent. Stjórn málafræðingur segir Framsókn verða að ná flugi í næsta mánuði.

STJÓRN MÁL Flestir kjósendur, eða tæplega 31 prósent, myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til kosninga nú, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þessar niðurstöður miðast aðeins við svör þeirra sem taka afstöðu til flokkanna. Samkvæmt sömu niðurstöðum er Samfylkingin næststærsti flokkurinn með 20 prósent fylgi, Björt framtíð kemur þar á eftir með 14,1 prósent. Framsóknarflokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð eru álfka stór með tæp tólf prósent og Píratar með rúm 9 prósent.

Mjög margir eða 23 prósent sögðust vera óákveðnir, 15% sögðu að þeir myndu ekki kjósa eða skila

auðu og 13 prósent kusu að svara ekki spurningunni. Þegar tekið er tillit óákveðinna eru einungis 15% sem segja að þeir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, 10% sem segja að þeir myndu kjósa Samfylkinguna, 6% segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn og VG en 5% myndu kjósa Pírata.

„Ég er ánægður með þetta, en tek tölunum með ró. Ég held að fólk sé farið að finna fyrir stöðugleika og kaupmáttaraukningu,“ segir Bjarni Benediktsson.


„Ég man bara ekki hvenær Sjálfstæðisflokkurinn mældist síðast yfir þrjátíu prósentum og það vekur athygli að flokkurinn bæti við sig eins og umræðan hefur

verið. Varðandi stjórnarandstöðuflokkana þá er það þekkt að þeir missi fylgi meðan þingið starfar ekki, þar sem þeir eru þá ekki eins sýnilegir og annars. Í næsta mánuði reynir verulega á Framsóknarflokkinn. Ná þeir sér ekki á flug þegar skuldaleiðréttingarnar verða ljósar, gæti orðið erfitt fyrir þá að ná fylgi á ný,“ sagði Grétar Þór Eypórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

Þjóðarpúls Gallup, sem RÚV birtir í gær, sýndi svipað fylgi og kemur fram í könnun Fréttablaðsins.

Ítarlegri greining verður á skoðanakönnuninni í Fréttablaðinu á morgun.

Fylgi flokkanna



Hægri grænir 0,3%, Flokkur heimilanna 0%, Sturla Jónsson 0,2%, Alþýðufylkingin 0,3%, Dögum 0,2%, annað 1,2%



Í SLIPPNUM Þrátt fyrir að mörg skip séu í smíðum og nokkur ný þegar komin til landsins þarf að halda þeim eldri við. Íslensk fiskiskip eru eftir sem áður með þeim elstu í Evrópu. Þótt fiskiskipum hafi fækkað og endurnýjun sé nokkur er víst að fleiri skip verða smíðuð en nú hefur verið ákveðið. Rætt er um hvort Íslendingar geti ekki unnið meira við nýsmíðar. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN**

Má nota þekkinguna betur: Öll nýju skipin smíðuð erlendis

ATVINNUMÁL Flest ef ekki öll stór skip sem framleidd eru fyrir íslenskan markað eru framleidd erlendis. Sævar Birgisson, skipatæknifræðingur hjá fyrirtækinu Skipasýn, segir að skipasmíði sé að lognast út af og þekkingin á iðninni sé minni en var.

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, horfir öðru vísi á málið en Sævar. „Ég held að þekkingin sé til staðar, það þarf bara að nota hana ennþá meira,“ segir Þór. Íslensku fyrirtækin séu þó ekki samkeppnisfær í smíði á skipskrokkunum sjálfum. „Ég hef enga trú á því að það verði partur af framtíðarsýninni,“ segir Þór.



ÞÓR SIGFÚSSON

Fyrirtæki vilja koma ferðamönnum á eldgosasvæðið þegar það opnast: Gosferðir eru í undirbúningi

FERÐAÞJÓNUSTA Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir erlendar ferðaskrifstofur vera komnar í startholurnar hvað varðar ferðir á eldgosasvæðið norðan Vatnajökuls.

„Í raun er þetta ennþá bara á hugmyndastiginu,“ segir Arnheiður. „Hins vegar vitum við af því að erlend fyrirtæki eru að búa til vöru úr eldgosinu í Holuhrauni og í samvinnu við innlenda aðila munu þau koma með ferðamenn inn á svæðið um leið og það opnast.“

Einar Pétur Heiðarsson, sérfræðingur hjá Almannavörnum, segir að ásókn ferðamanna á gosstöðvornar sé mikið rædd og lokanir séu í stöðugri endurskoðun. Almannavarnir muni hins vegar ekki opna svæðið fyrir ferðamönnum eða einstaka leiðir á svæðinu ef það er talið hættulegt.

„Á meðan vísindamenn telja enn hættu á að það fari að gjósa undir jökli teljum við engar forsendur fyrir því að aflétta lokunum á svæðinu,“ segir Einar.



Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.

Erland fyrirtæki munu koma með ferðamenn inn á svæðið um leið og það opnast.

Heilbrigðar tennur

Flux Fluormunnskol

SPURNING DAGSINS



Guðmundur, verður lífið þá dans á rósum?

„Já, með þyrnum og blóði og sársauka þangað til siggið er orðið vel þykkt.“

Guðmundur Elías Knudsen listdansari vill aðstoða drengi með athyglisbrest eða öfvirkingu með því að halda fyrir þá dansnámskeið.

Óskað eftir nýjum upplýsingum í kjölfar umræðu um lán útgerðarmanns til ritstjóra DV í fyrra:

Fjölmiðlanefnd flýttir skoðun á eignarhaldi

FJÖLMIÐLAR Fjölmiðlanefnd hefur ákveðið að óska eftir upplýsingum um rekstur og eignarhald fjölmiðla í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað um málefni fjölmiðla undanfarið.

„Við vissum að við vorum ekki með nýjar upplýsingar um eignarhald DV og það sama á við um aðra fjölmiðla,“ segir Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar. „Við vorum búin að ákveða að fara í þetta en í ljósi þess sem er búið að vera að ger-

ast, þá er náttúrulega farið í þetta strax.“

Fram kom um helgina að ritstjóri DV, Reynir Traustason, fékk lánaðar 15 milljónir króna frá útgerðarmanninum Guðmundi Kristjánssyni á síðasta ári en Reynir neitar því að lánið hafi haft áhrif á fréttaskrif DV um mál Guðmundar.

Atli Þór Fanndal, fyrrverandi blaðamaður DV, greindi frá því um helgina að hann hygðist upplýsa Fjölmiðlanefnd um það sem hann vissi, en hann skrifaði talsvert um sjávar-

„Við vissum að við vorum ekki með nýjar upplýsingar um eignarhald DV.“

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar.



ÓSKAR EFTIR UPPLÝSINGUM Elfa Ýr segir samtal sitt við Atla Þór ekkert hafa með ákvörðun nefndarinnar að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ANDRI SNÆR OG FJÖLSKYLDA Verðlaunin voru afhent í Alþingishúsinu í gær. Afhendingin fer fram í tengslum við ársfund Vestnorræna ráðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin afhent:

Tímakista Andra Snæs verðlaunuð

MENNING Andri Snær Magnason hlaut í gær Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin fyrir bók sína *Tímakistuna*. Andri er fyrsti höfundurinn til að hreppa verðlaunin í tvígang, en hann hlaut þau í fyrsta skipti sem þau voru veitt fyrir *Söguna af bláa hnettinum*.

Þetta var í sjöunda sinn sem Vestnorrænu barnabókaverðlaunin eru veitt. Tilgangur þeirra er að benda á mikilvægi góðra barnabóka á smáum málsvæðum og eru þau veitt annað hvert ár.

- bá

Jón Gnarr verður heiðraður:

Hlýtur friðarverðlaun Ono

FÓLK Yoko Ono hefur tilkynnt að Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, sé einn fjögurra sem hljóta Lennon Ono-friðarverðlaunin árið 2014.

Afhending fer fram í Reykjavík þann 9. október næstkomandi. Í tilkynningu á Facebook-síðu Ono segir að Jón hafi sýnt fram á að stjórn máls séu í þágu fólks og í höndum þess. Jón hlýtur verðlaunin ásamt Jann Wenner, einum stofnanda og útgefanda tímaritsins *Rolling Stone*, Jeremy Gilley, upphafsmanni samtakanna *Peace One Day*, og Doreen Remen og Yvonne Force Villareal, stofnendum *Art Production*-sjóðsins.

- af

Breytingar í stjórnarráðinu:

Lilja verður verkefnisstjóri

STJÓRNSÝSLA Jóhannes Þór Skúla-son, aðstoðarmaður forsætisráðherra, mun fyrst um sinn jafnframt gegna embætti aðstoðarmanns dómsmálaráðherra. Sem kunnugt er færast dómsmál tímabundið undir Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í kjölfar þess að innanríkisráðherra baðst undan þeim.

Í gær hóf jafnframt störf í forsætisráðuneytinu Lilja D. Alfreðsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri á skrifstofu bankastjóra og alþjóðasamskipta í Seðlabanka Íslands, sem hefur verið ráðin tímabundið sem verkefnisstjóri í forsætisráðuneytinu.

- bá

„Frábærar fréttir, ég er klár ásamt maka“

Bæjarstjóri Kópavogs segir hvern og einn bæjarfulltrúa hafa þegið tvo boðsmíða á tónleika Justins Timberlake. Varabæjarfulltrúi Framsóknar, sem telur siðareglur kunna að hafa verið brotnar, fékk enga miða því bæjarfulltrúi flokksins nýtti þá.

STJÓRNSÝSLA Kópavogsbær fékk 30 frímiða á tónleika Justins Timberlake frá tónleikahaldaranum Senu. Þetta upplýsir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri í bréfi til bæjarfulltrúa.

Bréf Ármanns er svar við fyrirspurnum Sigurjóns Jónssonar, varabæjarfulltrúa Framsóknarflokksins. Sigurjón spurði meðal annars hverjir hefðu fengið boðsmíðana og hvort bæjarstjórnin teldi það samræmast siðareglum að „þiggja slíkar gjafir“. Sjálfur fékk Sigurjón tölvupóst þar sem bæjarstjórnin sagði bæjarfulltrúum frá frímiðunum. Ármann segir Sigurjón hafa svarað um hæl: „Frábærar fréttir og ég er klár ásamt maka,“ vitnar bæjarstjórnin í pósti Sigurjóns sem hann kveðst hafa svarað með svohljóðandi sendingu:

„Sæll Sigurjón, mér finnst leiðinlegt að þurfa að segja þér að þetta á við bæjarfulltrúana eins og fram kemur í póstinum. Þar sem Birkir Jón er búinn að þiggja miðana þá fær varafulltrúi hans ekki miða.“ Þarna vísar Ármann til Birkis Jóns Jónssonar, bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Ármann kveðst hafa talið mikilvægt að bæjarfulltrúar mættu á tónleikana sem hafi verið stórvíðburður. Taka þurfi stefnumarkandi ákvarðanir um framtíðar-notkun Kórsins.

„Af þessum sökum var rætt við tónleikahaldara um að bæjarfulltrúar gætu sótt tónleikana og var það auðsött mál,“ útskýrir Ármann sem kveður hvern hinna ellefu bæjarfulltrúa hafa fengið tvo miða. „Lagði ég að þeim í



JUSTIN TIMBERLAKE Tónleikar stórstjórnumnar í Kórnum þóttu afar vel heppnaðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON



SIGURJÓN JÓNSSON

tölvupósti fyrir tónleikana að sækja þá með fyrrgreindum rökstuðningi. Allir bæjarfulltrúar mættu samkvæmt vitneskju undirritaðs.“

Þá segir Ármann bæinn hafa haft átta miða til ráðstöfunar fyrir starfsmenn bæjarins sem ekki voru að vinna við tónleikana

en kæmu engu að síður að starfsemi hússins og umræðu um framtíðarnot þess. Sömu rök gildi um þá og um bæjarfulltrúana. Ekki kemur fram hvaða starfsmenn þetta eru.

Varðandi siðareglur kjörinna fulltrúa segir bæjarstjórnin samkomulagið um frímiðana hafa verið gert að frumkvæði hans sjálfs en ekki Senu. „Í 6. grein siðareglna bæjarins segir að kjörnir bæjarfulltrúar og stjórnendur skuli tilkynna um allar gjafir, sem var gert í þessu tilvik, og að þeim sé óheimilt að þiggja gjafir ef líta meg í það sem endurgreiðslu fyrir greiða. Slíkt á ekki við í þessu tilvik.“

gar@frettabladid.is

Fjöldi fólks hefur skipt um skoðun eftir að hafa hætt með sparnað sinn:

Snúa aftur í séreignarsparnað

EFNAHAGSMÁL Fjöldi fólks hefur gert séreignarsparnaðarsamning við bankana vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í tengslum við húsnæðislán.

Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, segir marga hafa hætt með séreignarsparnað í kjölfar efnahagshrunsins 2008 en margir þeirra hafa nú snúið aftur.

Hjá Íslandsbanka var farið í sérstakt átak og hringt í viðskiptavinum til að kynna fyrir þeim möguleika í tengslum við séreignarsparnað eftir að ríkisstjórnin kynnti úrræði í tengslum við húsnæðislán. Una segist sjá verulega aukningu í gerð séreignarsparnaðarsamninga síðan í vor.

Hjá Arion banka var opnuð sérstök upplýsingasíða og fræðslufundur haldnir ásamt því að sér-

staklega var haft samband við viðskiptavinum. Snædís Ögn Flosadóttir, sérfræðingur á eignastýringasviði Arion banka, segir að séreignarsparnaðarsamningum hafi einnig fjölgað mikið hjá Arion banka í vor og sumar eftir að lög um leiðréttingu höfuðstóls íbúðarlána voru samþykkt á Alþingi.

Umsóknarfrestur um lækkun höfuðstóls íbúðarlána er runninn út en áfram verður hægt að sækja um nýtingu séreignarsparnaðar. Tímabilið sem leyfilegt er að ráðstafa hluta af séreignarsparnaði skattfrjálst er frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017.

Til að fá nýttan séreignarsparnað frá 1. júlí þurfti að sækja í síðasta lagi um í gær. Einstaklingar hafa rétt á að nýta 500 þúsund krónur á ári skattfrjálst af séreignarsparnaði sínum en hjón og



ARION BANKI Mikið hefur verið að gera hjá bönknum við gerð nýrra séreignarsparnaðarsamninga eftir að lög um húsnæðislán voru samþykkt á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

sambýlisfólk hafa rétt á að ráðstafa 750 þúsund krónum samtals árlega.

- að

Hefst 3. september

Bakleikfimi

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar í Grensáslaug, Grensásvegi 62. Með samþávi í Heilsuborg, Faxafeni 14

Skráning á www.bakleikfimi.is og í síma 897 2896

BREIÐU BÖKIN



NÝR E-UP!

Framtíðin er á uppleið með fyrsta Volkswagen rafbílnum.

Við kynnum fyrsta meðlim Volkswagen fjölskyldunnar sem gengur eingöngu fyrir rafmagni. Komdu og skoðaðu þetta netta tækniundur.



NÝR GOLF SPORTSVAN

Draumi líkastur á degi hverjum.

Ef þú ert að leita að öruggum, rúmgóðum, kraftmiklum og fallegum fjölskyldubíl er nýr Golf Sportvan svarið.

Stærri og kraftmeiri með smáatriðin á hreinu.

Nýtt útlit, ný vél, ný skipting. Nýi Poloinn er eyðslugrenni, hærrí, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Þú ert greinilega á réttum stað í nýjum Polo.



POLO

Það eru svo margar ástæður fyrir því að eignast Volkswagen. Ein sú helsta er að maður hreinlega fellur fyrir honum. Komdu við í HEKLU eða hjá umboðsmönnum um land allt og heilsaðu upp á Volkswagen fjölskyldumeðlimina. Þeir hlakka til að sjá þig.



Das Auto.



Tiguan Sport & Style Diesel 2.0 TDI á freistandi tilboði: 6.750.000 kr. Þú sparar 715.000 kr.

TIGUAN

VELKOMIN Í VOLKSWAGEN FJÖLSKYLDUNA

Hvort sem fjölskylda þín er stór eða smá finnur þú örugglega Volkswagen sem passar ykkur.

SVONA ERUM VIÐ



2.354 tonn af kaffi voru flutt inn til landsins á síðasta ári.

Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs hafa verið flutt inn 1.477 tonn, 150 tonnum meira en á sama tíma í fyrra.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Aðalmeðferð hafin í tveimur málum á hendur Baldri Kolbeinssyni fyrir líkamsárásir á Litla-Hrauni: Réðst á samfanga sinn með mannasaur

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli ríkissaksóknara á hendur síbrotamönnum Baldri Kolbeinssyni og Eggerti Kára Kristjánssyni fyrir árás á samfanga sinn, Matthías Mána Erlingsson, hófst í gær í Héraðsdómi Suðurlands. Árásin átti sér stað á Litla-Hrauni í september í fyrra.

Matthías bar fyrir sig minnisleysi í vitnaleiðslum í gær. Hann sagðist ekki muna hvaða áverka hann hefði hlotið vegna árásarinnar en samfangar hans, Bald-

ur og Eggert, munu hafa greitt honum ótal högg í andlit og höfuð. Notuðu þeir meðal annars lás til verksins.

„Ég er ekki læknir. Ég er með fullt af örur á líkamanum,“ sagði Matthías í vitnaleiðslum, aðspurður hvort hann hefði hlotið einhver ör á líkama við árásina.

Í gær hófst einnig aðalmeðferð við héraðsdóm í öðru máli á hendur Baldri, fyrir einstaklega ógeðfellda árás á samfanga sinn í fangelsinu í maí á síðasta ári. Baldri er

„Ég er ekki læknir. Ég er með fullt af örur.“

Matthías Máni Erlingsson.

Í því máli gefið að sök að hafa ráðist á samfanga sinn og troðið upp í hann mannasaur. Árásin náðist á myndband.

Sá sem fyrir árásinni varð sat inni á Litla-Hrauni fyrir kynferðisbrot gegn barni, en var í kjölfarið fluttur í annað fangelsi. Síðan hefur hann verið látinn laus. - sks



LITLA-HRAUN Aðalmeðferð í tveimur málum á hendur Baldri fer nú fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



GREFUR UNÐAN OFBELDISMÖNNUM Liðsmenn Íslamska ríkisins dregnir sundur og saman í háði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjasta vopn araba:

Teiknimyndir gegn ofbeldinu

ÍRAK, AP Nýjasta vopn arabaheimsins gegn Íslamska ríkinu í Írak og öðrum öfgasamtökum ofbeldismanna eru skopmyndir og teiknimyndir í anda bandarísku Looney Tunes-myndanna.

„Þessir menn eru ekki sannir fulltrúar íslams og með því að gera grín að þeim erum við að sýna andstöðu okkar,“ segir Nabil Assaf, aðstandandi grínþátta sem sýndir hafa verið í sjónvarpi í Líbanon.

Sjónvarpsstöðvar í Mið-Austurlöndum eru farnar að birta teiknimyndir og grínþætti af þessum toga til að gagnrýna ofbeldismennina og grafa undan tilkalli þeirra til trúarlegs sannleika. - gb

Erdogan herðir enn tökin:

Lögreglumenn handteknir

TYRKLAND, AP Handtökuskiparnir hafa verið gefnar út á hendur 33 lögreglumönnum í Tyrklandi. Þeir eru sakaðir um að hafa verið með ráðabrukk gegn stjórnmálum.

Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra, sem nýlega var kosinn forseti landsins, hefur undanfarnar vikur sakað lögregluna um samsæri gegn sér. Tugir manna hafa verið handteknir síðan í júlí.

Þetta er í beinu framhaldi af fjöldahandtökum og málaferlum á vegum hans gegn lögreglu, dómurum og hernum undanfarnar misseri. - gb



ELDGOS Í HOLU-HRAUNI Ferðaþjónustuaðilar eru farnir að skipuleggja ferðir á svæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

Fyrirtæki íhuga gosferðir

Lokanir vegna eldgoss norðan Vatnajökuls hafa kostað ferðaþjónustufyrirtæki allt að tvær milljónir á dag. Mesta tjónið af lokun Dettifossvegar að vestan. Byrjað er að skipuleggja ferðir að gosstöðvum í Holuhrauni.

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðaþjónustufyrirtæki eru farin að kanna þann möguleika að bjóða upp á skipulagðar ferðir erlendra ferðamanna á gosstöðvarnar norðan Vatnajökuls. Beðið er átekt eftir að almannavarnir opni fleiri svæði svo að hægt sé að selja slíkar ferðir.

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir erlendra ferðaskrifstofur vera komnar í startholurnar hvað varðar ferðir á eldgosasvæði norðan Vatnajökuls. Eftirspurn er eftir ferðum sem slíku og gæti þýtt aukinn ferðamannastraum á norðaustanvert landið þegar fram í sækir. „Í raun er þetta ennþá bara á hugmyndastiginu, Hins vegar vitum við af því að erlend fyrirtæki eru að búa til vöru úr eldgosinu í Holuhrauni og í samvinnu við innlenda aðila munu þau koma með ferðamenn inn á svæðið um leið og það opnast. Það er hins vegar þannig að menn biða átekt á meðan Almannavarnir halda enn



ARNHEIÐUR JÓHANNSDÓTTIR framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands

stöðvarnar sé mikið rædd innan almannavarna og lokanir séu í stöðugri endurskoðun. Hinsvegar verði svæðið eða einstaka leiðir á svæðinu ef það er talið hættulegt. „Á meðan vísindamenn telja enn hættu á að það fari að gjósa undir jökli teljum við engar forsendur fyrir því að aflétta lokunum á svæðinu. Það er enn talin hættu á því svo við höldum svæðum lokuðum.“

Í gærkvöldi var ákveðið að opna Dettifossveg að vestanverðu aftur

uppi lokunum. Það mun enginn setja sig upp á móti þeim lokunum og ferðaþjónustan mun virða þær.“

Einar Pétur Heiðarsson, sérfræðingur hjá Almannavörnum, segir að ásókn ferðamanna á gosstöðvarnar sé mikið rædd innan almannavarna og lokanir séu í stöðugri endurskoðun. Hinsvegar verði svæðið eða einstaka leiðir á svæðinu ef það er talið hættulegt.

„Á meðan vísindamenn telja enn hættu á að það fari að gjósa undir jökli teljum við engar forsendur fyrir því að aflétta lokunum á svæðinu. Það er enn talin hættu á því svo við höldum svæðum lokuðum.“

Í gærkvöldi var ákveðið að opna Dettifossveg að vestanverðu aftur

Dettifossvegur opnaður fyrir ferðafólki

Ákveðið hefur verið að leyfa á ný umferð um Dettifossveg vestan Jökulsár (nr. 862) frá Hringvegi norður að Dettifossi. Hafa ber þó í huga að gönguleiðir á svæðinu eru áfram lokaðar. Ákvörðunin er byggð á áhættuminnkandi aðgerðum Almannavarna, auknu eftirliti af hálfu Vatnajökulspjóðgarðs og minnkandi straumi gangandi ferðamanna á svæðinu.

Fram kemur í fréttatilkynningu Almannavarna að ákvörðunin byggist ekki á minnkandi flóðahættu, hún sé enn fyrir hendi, heldur sé gæsla og eftirlitsgeta á svæðinu það mikil að talið sé óhætt að leyfa ferðafólki að komast að Dettifossi að vestanverðu.

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, fagnar mjög þessari opnun Dettifossvegar. „Lokun vegarins hefur haft mikil áhrif á ferðaþjónustuaðila á svæðinu og mjög mikilvægt að geta farið með ferðamenn á svæðið aftur,“ segir Arnheiður.

fyrir bílaumferð. Vegurinn hefur verið lokaður frá því 23. ágúst síðastliðinn. Arnheiður telur þá lokun hafa haft hvað mest áhrif á ferðaþjónustuaðila sem margir hverjir voru búnir að selja ferðir að Dettifossi. „Ferðaþjónustufyrirtækin hafa tapað miklum fjárhæðum á lokunum vegna skipulagðra ferða bæði að Dettifossi og Óskju. Við skjótum á að fyrirtækin

hafi orðið af um einni til tveimur milljónum á dag á þessum lokunum. Þetta eru ferðir sem búið var að selja í og það eina sem ferðaþjónustuaðilar gátu gert var að endurgreiða ferðamönnum. Sumir hverjir geta nú haldið áfram að selja í ferðir á svæðið en aðrir sem hætta snemma sitja eftir með sárt ennið.“

sveinn@frettabladid.is

Hefst 3. september

AQUA FITNESS

Mánudaga kl. 17.45 og miðvikudaga kl. 18.15 í Grensáslaug
Fjögurir tímar undir leiðsögn sjúkrapjálfa.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 897-2896 OG Á WWW.BAKLEIKFIMI.IS

BREIÐU BÖKIN

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 31°	Friedrichshafen 19°	New York 31°
Ápena 30°	Gautaborg 19°	Orlando 32°
Basel 25°	Kaupmannahöfn 19°	Ósló 21°
Berlín 19°	Las Palmas 26°	París 23°
Billund 20°	London 21°	San Francisco 22°
Frankfurt 20°	Mallorca 33°	Stokkhólmur 18°

Á MORGUN
Hæg breytileg eða V-læg, 2-8m/s

FIMMTUDAGUR

Hæg V-læg eða breytileg átt.

ÞAÐ KÓLNAR HELDUR NÆSTU DAGA hjá okkur og verður hiti þetta á bilinu 6-14 stig en hlýnar á ný um helgina. Það má vænta einhverrar vætu um landið í dag og á morgun en þurr og léttskýjað að hluta á fimmtudaginn.

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Besti smábíllinn - aftur...

➤ Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílblaðsins Bilmagasinet.

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.790.000** KR.



ford.is

50 ári bílgraininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrymið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hð, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mörg fötluð börn í Reykjavík eru á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu?
2. Hversu margar hrefnur hafa veidd á þessari vertíð?
3. Fyrir hverja er dansnámskeiðið Hreyfismíðjan sem Guðmundur Elías Knudsen heldur?

SVÖR:

1. 461. 2. 22. 3. Unglingsskólakennsla með ADHD.

Ríkissaksóknari tjáir sig ekki um „rót“ fulltrúa í gagnageymslum saksóknara: Verklag alltaf til endurskoðunar

LÖGREGLUMÁL „Verklag hér er alltaf til endurskoðunar og menn eru að reyna að læra af reynslunni og gera hlutina rétt,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, aðspurður hvort búið sé að breyta verklagi um aðgang að gögnum embættisins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að fulltrúi hjá skiptastjóra Milestone hefði fengið að róta eftirlitslaus í tvo daga í gagnageymslu embættisins, þar sem frumrit málgagna í sakamálum

er að finna ásamt gögnum fleiri mála. Ólafur vill að öðru leyti ekki tjá sig um málið þar sem það er enn í gangi milli lögmanna sakbornings í Milestone-málinu og Ríkissaksóknara. Verjandi Karls Wernerssonar gerði kröfu um að gögn málsins yrðu afhent í síðasta lagi í gær þar sem fyrirtaka verður í sakamáli gegn honum í dag. Ríkissaksóknari hefur ekki orðið við þeirri kröfu verjandans né heldur svarað fyrirspurnum fréttastofu um málið.



ENDURSKOÐA VERKLAG Gríðarlegt magn gagna vegna rannsóknar sakamála er að finna hjá Sérstökum saksóknara.

Ekki áður veikari gegn dollar: Rúblan féll í verði í gær

RÚSSLAND Rúblan féll í verði í gær og hefur ekki verið lægri gagnvart dollar og evru í fjóra mánuði. Fallið kemur nokkru eftir að Seðlabanki Rússlands ákvað að skipta sér minna af gengi rúblunnar, ásamt því sem fríðarviðræður milli forsetRússlands og Úkraínu hófust.

Sérfræðingar sem BBC ræddi við segja að markaðurinn hafi mögulega orðið fyrir vonbrigðum með viðræðurnar.

-fbj



KARL OG VILHJÁLMMUR Þingmennirnir segja tilefni til að skerpa á afstöðu löggjafans í þessum málum.

Vilja viðhorfsbreytingu:

Frumvarp um heimilisofbeldi

ALPINGI Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, munu leggja fram frumvarp á komandi þingi sem á að taka á heimilisofbeldisvandannum hér á landi. Í tilkynningu segir að heimilisofbeldi sé ekki litið nægilega alvarlegum augum í samfélaginu.

Í frumvarpinu felst meðal annars sú breyting að lögregla fær heimild til að kæra brot gegn nálgunarbanni, en samkvæmt núverandi löggjöf getur einungis þolandi kært slík brot.

-bá

Sérfræðingur heimsækir HÍ: Málstofur um hamfarastjórn

MENNTUN Ana Maria Cruz, prófessor við Kyoto-háskóla og sérfræðingur í hamfarafræðum, heimsækir Háskóla Íslands þessa vikuna og heldur erindi í tveimur málstofum.

Fyrri málstofan fer fram í dag en þar hyggst Cruz kynna Alþjóðafélag um samhæfða áhættustýringu vegna hamfara (ISIDM), sem starfar í Japan og ætlað er að vera þverfræðilegur vettvangur um rannsóknir í hamfarastjórnun. Seinni málstofan fer svo fram á morgun en þar verður sagt frá rannsóknum í hamfarastjórnun við Kyoto-háskóla.

-bá

Gamli Kennaraháskólinn gæti hýst framhaldsskóla

Stjórnendur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands segja að tímamótasamningur um lóðir háskólans hafi verið undirritaður í gær. Gert er ráð fyrir að menntavísindasvið flytjist í nýtt húsnæði sem verður á háskólasvæðinu.

SKIPULAGSMÁL Búið er að samþykka deiliskipulag á svæði Háskóla Íslands fyrir nýtt hús menntavísindasviðs skólans. Menntavísindasvið hefur núna aðstöðu í Stakkahlíð og Bolholti, þar sem Kennaraháskólinn var áður. „Við gerum ráð fyrir því að þau komi á lóðina, vonandi eins fljótt og hægt er,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands. Hún segir að nýtt hús verði staðsett í námunda við VR I og VR II á horni Suðurgötu og Hjarðarhaga.

Kristín segir að gamla húsnæðið í Stakkahlíð verði væntanlega selt og það hafi verið rætt að það gæti hentað vel fyrir framhaldsskóla. Hún segir húsnæðið vera mjög gott en stúdentar og starfsfólk menntavísindasviðsins þurfi að vera nær háskólasvæðinu. Hún segir ekki víst hvenær bygging húsnæðisins gæti hafist. „Það er í rauninni undir menntamálaráðuneytinu komið. Þetta yrði fjármagnað af ríkinu,“ segir Kristín.

Kristín og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirrituðu í gær samning um lóðir háskólans. Samningurinn tekur til um 400 þúsund fermetra landsvæðis og í tilkynningu segir að hann marki ákveðin tímamót í samskiptum Reykjavíkurborgar og Háskólans. Tekin eru af öll tvímæli um afmörkun eignarlóðar háskólans, sem og hvaða lóðir falla undir lóðarleigu en þar eru lóðir fyrir kennsluhúsnæði nú undanskildar. „Það skiptir máli fyrir okkur hvað varðar árleg gjöld,“ segir Kristín.

Hún bætir við að mörg verkefni séu annaðhvort í undirbúningi eða þeim sé lokið sem breytti ásjáð lóðarinnar og borgarinnar. „Ég nefni sem dæmi stúdentagarðana hér á



SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR Kristín segir mörg verkefni í undirbúningi og öðrum sé lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vísindagarðalóðinni, svo og byggingu Alvogen fyrir rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Ég nefni líka deiliskipulag fyrir stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sómuleiðis deiliskipulag fyrir Hús íslenskra fræða,“ segir Kristín og bætir við að spítalalóðin skipti mjög miklu máli vegna þess að þar verði heilbrigðisvísindagreinar allar til húsa.

Þá bendir hún á viljayfirlýsingu um að þróa starfsemi Háskóla Íslands inn á Fluggarðasvæðið. „Það skiptir mjög miklu máli vegna þess að þetta er eina áttin sem skólinn getur stækkað á næstu áratugum,“ segir Kristín, en tekur fram að ekkert hafi verið ákveðið um hvað verði á Fluggarðasvæðinu.

jonhakon@frettabladid.is

Við gerum ráð fyrir því að þau komi á lóðina, vonandi eins fljótt og hægt er.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.



Glös fyrir stórar og smáar veislur



Hjá Fastus fæst mikið úrval af glösum fyrir stóra og litla veitingastaði.

Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og látið fagmenn hjálpa ykkur við að velja réttu glösin.



Veit á vandaða lausn

dyson

ÖFLUGAR HÁGÆÐA RYKSUGUR

- Mikill sogkraftur
- Engir pokar
- Góðar loftsíur
- Minni rafmagnsnotkun

*Fyrir þá sem vilja
aðeins það besta!*

Sem verkfræðingar verðum við að skoða og meta núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er drifkrafturinn hjá Dyson - nýtt hugvit, nýjar lausnir. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina með þetta í huga. Ég vissi að það hlyti að vera til betri leið. Um það bil 5.127 frumgerðum síðar hafði ég fundið lausnina“.

James Dyson

JAMES DYSON
uppfinningamaður
cyclone vacuum tækninnar.



NÝ KYNSLÓÐ
15%
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR

*2ja ára ábyrgð á
handryksugum
og 5 ára ábyrgð
á ryksugum.*



dyson



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Grunsamlegur tölvupóstur: Síminn varar við svikumum

NEYTENDUR Síminn varar eindregið við tölvuprófum sem sent hafa tölvupóst á landsmenn þar sem óskað er eftir kreditkortaupplýsingum í nafni fyrirtækisins. Í tilkynningu segir að fyrirtækið biði aldrei um slíkar upplýsingar í tölvupósti. Pósturinn sem um ræðir var sendur frá netfanginu þjónusta@mail.com á laugardag. Hann er ritaður á lélegri íslensku og vísar á form þar sem óskað er persónuupplýsinga.

- bá

Sveitarstjórn Ölfuss samþykkir lögn frá Hverahlíð að Hellisheiðarvirkjun: Dugar til að knýja eina vélina

ORKUMÁL „Af sex holum sem borðar hafa verið við Hverahlíð eru fjórar vinnsluhæfar og gefa gufu sem er fyrir um það bil eina vél í Hellisheiðarvirkjun,“ segir í samþykkt sveitarstjórnar Ölfuss sem hefur gefið Orkuveitunni leyfi fyrir framkvæmdum í Hverahlíð.

Framleiðslan í Hellisheiðarvirkjun hefur verið undir væntingum og bregður því Orkuveitan á það ráð að flytja gufu að virkjuninni ofan úr Hverahlíð.

„Lagðar verða tvær flutnings-

æðar, gufulögn og skiljuvatnslögn, frá Hverahlíð til Hellisheiðarvirkjunar,“ segir í samþykkt sveitarstjórnarinnar. Þar kemur fram að gufulögnin og skiljuvatnslögnin verði lagðar að mestu á yfirborði, rúman einn kílómetra til norðurs frá skiljustöðinni. Lagnirnar verði í stökk í gegnum ás sunnan þjóðveggar og undir Suðurlandsveg. Þaðan á yfirborði meðfram Gígahnúksvegi inn á iðnaðarsvæði Hellisheiðarvirkjunar fyrir norðan Gígahnúk.

- gar



HVERAHLÍÐ Ein af sex vélum Hellisheiðarvirkjunar mun fá orku úr Hverahlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mest skipt við ESB-ríki: Þjónustujöfnuður hagstæður

VIÐSKIPTI Árið 2013 var seld þjónusta til útlanda fyrir um 482,7 milljarða króna en keypt var þjónusta frá útlöndum fyrir tæpa 334,9 milljarða. Þjónustujöfnuður var því hagstæður um 147,8 milljarða samkvæmt tölum Hagstofunnar. Mest var selt til útlanda af samgöngu- og flutningaþjónustu líkt og árið áður, fyrir 190,5 milljarða, eða 39,5 prósent af heildarútlutningi. Mest var keypt frá útlöndum af ferðaþjónustu.

- fbj



MÓTMÆLENDUR Hrósuðu sigri eftir að hafa brotist inn í ríkissjónvarpið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Pakistan:

Brutust inn í sjónvarpsstöð

PAKISTAN, AP Hópur mótmælenda braust inn í byggingu pakistanska ríkissjónvarpsins í gær. Til átaka kom við lögreglu og stöðvudust útsendingar tímabundið á meðan.

Tveir stjórnarandstöðuleiðtogar, klerkurinn Tair ul Kadri og krikketstjarnan Imran Khan, hafa vikum saman staðið fyrir mótmælum í höfuðborginni Islamabad. Þeir krefjast þess að Nawaz Sharif forsætisráðherra segi af sér.

- gb

Áhrif norræns mataræðis: Norrænt fæði bætir heilsuna

HEILSA Norrænn matur, sem inniheldur til dæmis rötargrænmeti og kjöt af villtum dýrum, getur verið jafn hollur og Miðjarðarhafsmatur.

Þetta er niðurstaða könnunar danskra vísindamanna sem kynnt var á ráðstefnu um hjartasjúkdóma í Barcelona.

Borin voru saman áhrif norræns matar og áhrif venjulegs dansks heimilismatar. Hálfu ári eftir að samanburðurinn hófst hafði hópurinn sem fékk norrænan mat lést mest og einnig dregið úr hættunni á að fá hjarta- og æðasjúkdóma. Sænska ríkisútvarpið greindi frá.

- ibs

Neita að aflétta trúnaði af framleiðslutölum orkuvera

Sjálfstæðismenn í stjórn Orkuveitunnar vilja láta fjölga mælum vegna mengunar frá orkuverum fyrirtækisins og að tölur um framleiðsluna verði opinberar. Stjórnarformaður segir viðskiptahagsmunum ráða leyndinni.

ORKUMÁL Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur segjast gera alvarlegar athugasemdir við að enn hafi ekki verið afgreiddar tillögur þeirra um auknar mælingar á loftgæðum og um að aflétt verði leynd af framleiðslutölum orkuvera fyrirtækisins.

Tillögurnar voru báðar lagðar fram á stjórnarfundum OR 23. júní í sumar. Önnur er um að aflétt verði leynd af yfirliti dótturfyrirtækisins Orku náttúrunnar (ON) um orkuframleiðsluna á tímabilinu maí 2013 til maí 2014.

„Teljum við að upplýsingar um framleiðslu virkjana OR eigi tvímælalaust að vera almenníngi tiltækar eins og upplýsingar um rekstur annarra fyrirtækja í almannaeigu,“ segir í bókun sjálfstæðismanna á stjórnarfundum síðastliðinn föstudag.

Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar OR, segir stjórn Orku náttúrunnar hafa sent Orkuveitunni framleiðslutölurnar í trúnaði.

„ON er ætlað að starfa á samkeppnismarkaði og þau hljóta að hafa sjálfðæmi um það hvað þau telji að þurfi að fara leynt til þess að þau geti keppt á jafnræðisforsendum. Ég er enginn talsmaður þess að halda einhverju leyndu sem tengist almannahagsmunum en þetta er vandratáður vegur þegar starfsemin er komin í samkeppnisform,“ segir Haraldur.

Hin tillaga sjálfstæðismanna er um að bæta vöktun á styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti í eystri hverfum borgarinnar. Settar verði upp siritandi loftgæðamælistöðvar í Breið-



KJARTAN MAGNÚSSON Telur eðlilegt að framleiðslan í orkuverum Orkuveitunnar sé gerð opinber.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

holti annars vegar og í Úlfarsárdal og Grafarholti hins vegar og „tryggja þannig að almenningur sé ætíð upplýstur um loftgæði á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar“, segir í tillögunni.

Kjartan bendir á að sjálfstæðismenn hafi sett fram svipaða tillögu fyrir tæpu ári sem ekki hafi hlotið fullnaðarafgreiðslu.

„Vandinn er kortlagður og vísindamenn sem hafa um þetta fjallað segja að það sé ekkert að græða á því að mæla meira,“ svarar Haraldur og bendir á að það myndi kosta milljónir króna

að setja upp fyrrgreinda loftgæðamæla.

„Það sem þarf að gera er að finna leiðir til að tryggja að magn þessara efna séu undir ákveðnum lágmarkum. Við höfum frest til að fullkanna þá aðferð að dæla þessum efnum niður í jörðina og höfum fengið mjög góðar vísendingar um að það sé raunhæft. Samhliða á að reisa sérstaklega hannaðan háf sem, þegar á þarf að halda, blæs lofttegundunum upp fyrir veðurkerfin sem færa þessi efni inn í borgina,“ segir formaður stjórnar OR.

gar@frettabladid.is



„Ég er enginn talsmaður þess halda einhverju leyndu sem tengist almannahagsmunum en þetta er vandratáður vegur þegar starfsemin er komin í samkeppnisform.“

Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar OR.



nau í áskrift
er hlutverk þitt að sjá um bókhaldið?

Fullbúin viðskiptalausn í áskrift
- Microsoft Dynamics NAV

Mánaðarlegt gjald veitir aðgang að einu mest selda bókhaldskerfi landsins ásamt kostnaði við uppfærslu- og þjónustugjöld, hýsingu, afritun á gögnum, öryggisvarnir og SQL gagnagrunn.

Breytilegur fjöldi notenda eftir mánuðum sem lágmarkar kostnað. Kerfinu fylgir rafræn sending reikninga, samskipti við RSK og fleira.

Fjöldi sérlausna í boði fyrir þá sem þurfa aukna virkni.
Kynntu þér lausnina á www.navaskrift.is

Verð frá kr.
11.900
pr. mán. án vsk



Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is



Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)



545 3200



navaskrift.is



sala@wise.is



FUJITSU

LIFEBOOK



VAXTALAUSAR
RÁÐGREIÐSLUR

Netgíró
Betri leið til að borga



Fyrir þá sem vilja trausta tölvu í alhliða vinnslu

Ef þú ert að leita að áreiðanlegri fartölvu á góðu verði er A544 rétta lausnin. Hún kemur í tveimur útgáfum með Intel Core i3 eða i5 örgjörva og 4 eða 8 GB innra minni.

- Intel Core i3 eða i5
- 4 eða 8 GB minni stækkanlegt í 16GB
- 15,6" skjár með glampavörn
- 500 GB harður diskur, les og skrifar DVD diska

4GB
DDR3

85.990

VERÐ
ÁÐUR ~~99.990~~

A544 i3

8GB
DDR3

114.990

VERÐ
ÁÐUR ~~139.990~~

A544 i5

Staðalbúnaður í öllum Fujitsu LIFEBOOK-vélunum



Anytime USB gerir þér kleift að hlaða síma í tölvunni þó að það sé slökkt á henni.



Vökvavarið lykklaborð í fullri stærð, með sérslenskum stöfum og talnaborði.



Innbyggð háskerpu vefmyndavél.



Windows 8.1 Home fylgir Fujitsu Lifebook

Japanskt hugvit – Þýsk framleiðsla



FUJITSU
LIFEBOOK

Ótrúlegt verð!



46.990

VERÐ
ÁÐUR ~~59.990~~

A512

Traust fartölva í alla almenna tölvuvinnslu

A512 er einstaklega áreiðanleg fartölva til allra almennra nota. Flott vél fyrir námsmenn og þá sem þurfa vél á góðu verði.

- Intel Celeron 1000M 1.8GHz örgjörvi
- 4 GB minni stækkanlegt í 16GB
- 15,6" LED skjár með glampavörn
- 320 GB harður diskur
- Les og skrifar DVD diska



*á höfuðborgarsvæðinu!



FUJITSU
LIFEBOOK

15,6" Snertiskjár



124.990

VERÐ
ÁÐUR ~~139.990~~

AH564

Frábær í margmiðlunarvinnslu og kröfuharða leiki

Auk annarra kosta LIFEBOOK-linunnar er AH564 með snertiskjá og enn öflugra skjákort. Vél með mikla afkastagetu í margmiðlunarvinnslu og kröfuharða leikina.

- Intel Core i3 4000M 2,4 GHz
- 4 GB minni stækkanlegt í 16GB
- NVIDIA GeForce GT 720, 1GB skjákort
- 500 GB harður diskur
- Les og skrifar DVD diska



FUJITSU
LIFEBOOK

Flött hönnun og físlétt



139.990

VERÐ
ÁÐUR ~~179.990~~

U574

Þunn, létt og hljóðlát með 11 tíma rafhlöðuendingu á einni hleðslu

Auk þess að vera einstaklega þunn og létt þá er Fujitsu LIFEBOOK U574 með rafhlöðu sem endist í allt að 11 klst. og virkni fyrir þá kröfuhörðustu.

- Örpunn og físlétt Ultrabook (1.6 Kg)
- 13,3" LED skjár með glampavörn
- Intel Core i5 4200M 2,5 GHz
- 8 GB minni stækkanlegt í 16GB
- SATA 128 GB SSD geymsluminni



Sendum frítt heim strax í kvöld!*

heimkaup.is



Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

HEIMKAUP

Niðurstöður rannsókna á viðhorfum sænskra lögreglumana og lögreglumanna til starfsreglna:

Líkjast svolítið Dirty Harry eftir ár í starfi

LÖGREGLUMÁL Meirihluti nýtskrifaðra lögreglumana í Svíþjóð hyggst fara í einu og öllu eftir reglum um samskipti við meinta afbrotamenn þegar þeir taka til starfa.

Eftir rúmt ár í starfi fara sumir þeirra að brjóta umgengisreglurnar og hegða sér svolítið eins og lögreglumadurinn í kvikmyndunum um Dirty Harry. Þetta eru niðurstöður rannsókna við félagsfræðideild Linnéháskólans í Växjö, sem greint er frá á vefnum forskning.no.

Fylgst var með 24 lögreglumenum frá því að þeir hófu nám og eftir að þeir voru teknir til starfa. Einnig voru tekin viðtöl við lögreglumenn um hegðun starfsfélaga þeirra. Mörgum fannst framkoma starfsfélaga óþarflega harðneskjuleg gagnvart fíklum eða öðrum sem voru handteknir og grunaðir um lögbrot. Þeim sem gáfu þessi svör fannst óþægilegt að vinna við þessi skilyrði.

Það eru einkum ungir karlar í stærstu borgunum sem fara að

brjóta reglurnar þegar þeir taka til starfa. Eldri lögreglumenn í litlum bæjum fylgja frekar reglunum og það gera einnig lögreglukonur.

Árni Sigmundsson, yfirlögregluþjónn og deildarstjóri grunnnámsdeildar Lögregluskóla ríkisins, segir skólann hér taka þátt í sam-evrópskri rannsókn um inntöku, nýnema, lögreglumenntun og starfsframa í lögreglunni. „Tilgangurinn er að komast að því hvaða þættir, ef einhverjir, einkenna þá sem hefja

→ Það eru einkum ungir karlar í stærstu borgunum sem fara að brjóta reglurnar þegar þeir taka til starfa.

lögreglunám og hvort, og þá hvernig, námið og starfið breytir einstaklingum hvað varðar gildismat, viðhorf og væntingar. Rannsóknin hófst 2011 og henni er ekki lokið,” segir hann.



DIRTY HARRY Ungir sænskir lögreglumenn hegða sér sumir eins og kvikmyndalöggan Dirty Harry. NORDICPHOTOS/GETTY



MÓTMÆLI Á PINGI Pingmenn voru með frammiköll meðan fulltrúi Kínastjórnar reyndi að réttlæta afskipti af fyrirhuguðum kosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínverjar reyna að herða tökin á Hong Kong:

Kosningar of flóknar

HONG KONG, AP Tugir þingmanna í Hong Kong voru með frammiköll og mótmæli á meðan Li Fei, fulltrúi kínverskra stjórnvalda, ávarpaði þingið þar í gær.

Hann reyndi þar að réttlæta afskipti Kínastjórnar af fyrirhuguðum kosningum í Hong Kong, en til stóð að kjósa þar í fyrsta sinn leiðtoga í beinu kjöri almennings.

Li sagði það geta orðið of flókið fyrir kjósendur ef frambjóðendur yrðu of margir og hver sem er fengi að bjóða sig fram.

Kínastjórn hafði ákveðið að frambjóðendur þyrftu að standa ákveðin skilyrði, sem myndi um leið tryggja að ákafir lýðræðissinnar ættu í reynd enga möguleika á að bjóða sig fram. - gb

Öll nýju skipin eru smíðuð erlendis

HB Grandi hefur samið um smíði þriggja nýrra skipa, sem verða framleidd erlendis. Skipatæknifræðingur segir að smíði stálskipa hér sé að deyja út. Forstöðumaður Íslenska sjávarklasans segir næga þekkingu til staðar sem þurfi að nota meira.

ATVINNUMÁL Íslensk skipasmíðaðið er að lognast út af, segir Sævar Birgisson, skipatæknifræðingur hjá fyrirtækinu Skipasýn, sem hannar skip. „Hún er að deyja út,” segir hann.

HB Grandi tilkynnti í gær að fyrirtækið hefði skrifað undir samning um smíði þriggja nýrra ísfisktogara. Þeir eru hannaðir hér en smíðaðir í Tyrklandi, ásamt tveimur öðrum skipum sem fyrirtækið hefur nú þegar samið um.

Sævar segir að hér sé tiltölulega öflug bátasmíði á plastbátum og minni bátum sem ná allt upp í 15 tonn. „En allt þar fyrir ofan er náttúrulega núll. Við erum alveg búin að missa þetta niður,” segir hann.

Skipasýn hefur þó haft verkefni við að hanna skip, bæði fyrir innlenda aðila og erlenda, sem smíðuð eru erlendis. Meðal annars er verið að hanna skip sem smíðað er í Kína fyrir vinnslustöðina. Sævar telur að það sé tímaspursmál hvernær hönnunin fer líka, því þekkingin sé að minnka. „Það eru einn eða tveir sem hafa komið, menntaðir skipatæknifræðingar eða skipaverkfræðingar á undanförunum árum,” segir hann. Hann segir að skipasmíðastöðvarnar sem hafi verið hér, á borð við Stálvík og Slippstöðina, hafi orðið til þess að skipatæknifræðingar hafi skotið upp kollinum, en það sé liðin tíð. „Við erum allir að verða eldgamlir karlar í dag,” segir hann.

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, horfir allt öðrum augum á málið en Sævar. Hann segir að samningar hér heima hafi verið þannig að það hafi verið hönnun eða hönnunarráðgjöf á Íslandi. Skipin hafi síðan verið smíðuð erlendis. „Ég held að



REYKJAVÍKURHÖFN Það er ólíklegt að í framtíðinni verði skipskrokkar smíðaðir á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þekkingin sé til staðar það þarf bara að nota hana ennþá á meira,” segir Þór. Íslensku fyrirtækin séu þó ekki samkeppnisfær í smíði á skipsskrokkum. „Ég hef enga trú á því að það verði partur af framtíðarsýnni. Það er miklu frekar eins og Norðmenn hafa gert þetta. Þeir láta smíða skrokkana úti og svo fylla þeir skipin með norskum tæknibúnaði,” segir hann.

„Ég er bjartsýnn fyrir hönd tæknigeirans,” bætir Þór við og bendir á að fyrirtækið Navís, sem er í húsi Íslenska sjávarklasans, sé komið í samstarf við ungan Íslending sem er að læra skipaverkfræði í Svíþjóð.



“Ég er bjartsýnn fyrir hönd tæknigeirans.”

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans.

Hann þvertur fyrir það að skipasmíðin sé að deyja út. „Við erum að fara að klára greiningu og okkur sýnist að veltan hér heima í tæknigreininni hvað viðkemur skipum hafi aukist á síðustu misserum.” jonhakon@frettabladid.is

Saunahús
- utandyra -
úr Cedrus harðviði

Upplýsingar í síma: 650 3301 Til afhendingar strax

GÓLFEFNADAGAR
Afsláttur af **MÚRBÚÐARVERÐI**

FLÍSAFJÖR!
25/25
25 tegundir af flisum með 25% afslætti!

MIKIÐ ÚRVAL

Allt náttúrusteins mósaik með 20% afslætti!

LAMIWOOD
8,3mm þykkt
15% afsláttur
Fösuð Eik Country ~~1.890~~ pr.m² **1.607**

8,3mm þykkt
15% afsláttur
Eik Natur Planki ~~1.790~~ pr.m² **1.522**

15% afsláttur af öllu plastparketi

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Pólverjar minnst þess að 75 ár eru liðin frá innrás Þjóðverja í landið:

Tusk varar við endurtekningu

PÓLLAND, AP Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands, segir nauðsynlegt að stöðva stríðið í Úkraínu sem allra fyrst, til þess að sagan frá 1939 endurtaki sig ekki.

Þetta sagði hann í ávarpi sínu í Póllandi í gær, þegar þess var minnst að 75 ár voru liðin frá því seinni heimsstyrjöldin hófst með innrás Þjóðverja. Rúmlega hálfum mánuði síðar réðust Sovétríkin inn í Pólland.


Hann sagði leiðtoga Evrópu þurfa að draga þann lærdóm af fortíðinni að barnsleg bjartsýni sé varhugaverð: „Það er enn tími til þess að stöðva alla þá sem í Evrópu og annars staðar í heiminum eru farnir aftur að nota ofbeldi, afllsmun og árásir sem pólitísk vopn.”

Ítalska dagblaðið La Repubblica skýrði frá því að á leiðtogafundi Evrópusambandsins á laugardaginn var hafi Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, skýrt frá símtali sínu við Vladimir Pútín Rússlandsforseta þann sama dag.

Þar hafi Pútín sagt: „Ef ég vildi þá gæti ég tekið Kænugarð á tveimur vikum.“ Þýska vikuritíð Der Spiegel sagðist í gær hafa fengið staðfestingu á því, að hann hefði sagt þetta.



DONALD TUSK Forsætisráðherra Póllands tekur í vetur við stöðu forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



„Ég ætla að verða fasteignasali þegar ég verð stór“

UMSAGNIR ÁNÆGÐRA VIÐSKIPTAVINA

> „Framúrskarandi þjónusta, það gekk allt eins og í sögu.“

> „Ég leita klárlega aftur til þín og mæli með þér við alla sem ég þekki.“

> „Toppþjónusta og þægilegur í samskiptum, mjög traustur og fylgir hlutunum vel eftir.“

Viðskiptavinir mínir eru mín besta auglýsing.



Ég vil vinna fyrir þig.

HANNES STEINDÓRSSON
Löggiltur fasteignasali

Sími: 699 5008
hannes@remax.is

RE/MAX
Lind

Hvað liggur að baki verkefnavali Þjóðleikhússins?

Er íslenskt endilega alltaf best?

Haustinu fylgir ýmis glaðningur þótt rigningin og rokið sé ekki uppörvandi eftir rigningarumar. Meðal þess sem hlakka má til er að starfsár leikhúsanna hefist í september og leikhúshugafólk liggur yfir dagskrá vetrarins til að velja sér þær sýningar sem meiningin er að sjá. Þjóðleikhúsið kynnir nú með stolti alíslenskan vetur þar sem öll frumsýnd verk eru af íslenskum uppruna, bæði ný og gömul. Fráfarandi þjóðleikhússtjóri, Tinna Gunnlaugsdóttir, hefur greinilega ákveðið að kveðja á þjóðlegu nótunum og skila um leið góðri stöðu í kassanum.

Það er nefnilega lítið róid á ný og fersk mið í vetrardagskrá leikhússins. Uppistaðan eru ýmist verk sem byggð eru á vinsælum skáldsögum, sem treysta má að fólk vilji sjá lifna við á leiksviðinu, eða gamlir standardar eins og Fjalla-Eyvindur og Sjálfstætt fólk. Inn á milli eru vissulega áhugaverð ný verk, en hafi meiningin verið að sýna hina margumtöluðu grósku í íslenskum sviðslistum vekur verkefnavalið furðu.

Ýmsir munu eflaust hnussa yfir þessu tuði; hvað er að því að sýna bara íslensk verk? Þurfum við alltaf að vera að sleikja upp einhverja útlendinga? Því er til að svara að í reglugerð um starfsemi Þjóðleikhússins, frá 15. janúar 2009, er skýrt tekið fram að hlutverk þess sé „að sviðsetja árlega fjölbreytt úrval innlendra og erlendra sjónleikja“, „stuðla að samstarfi við erlend leikhús, sviðslistahópa og einstaka listamenn með það að markmiði að auðga leikhúsmenningu í landinu“ og „glæða áhuga landsmanna á leiklist, auðga leikhúsmenningu í landinu og stuðla að þróun sviðslista með því að efla íslenska leikritun og hlúa að nýsköpun á vettvangi leiklistarinnar“. Í ljósi þessarar reglugerðar hlýtur að orka tvímælis að byggja heilt leikár að mestum hluta á íslenskum verkum sem áhorfendur þekkja fyrir. Svo ekki sé nú minnst á hættunarnar sem því fylgja að lokast inni í alíslenskum filabeinsturni og telja sig lítið hafa að sækja út fyrir landsteinana. Það lyktar satt að segja af þjóðrembu sem vekur ótta.

Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri vakti máls á þessari hættu á málþingi um hlutverk stofnanaleikhúsa í vor og talaði um „heimóttarskap“ í því sambandi. Þau ummæli fóru ekki vel í alla en Þórhildur ítrekaði í svargrein við mótbárum Völu Höskuldadóttur á vefritinu Reykvélinni að einangrun íslensks leikhúss leiddi til heimóttarskapar: „Ég notaði orðið heimóttarskapur aftur og aftur... fyrst og fremst til að undirstrika áhyggjur mínar af þeirri einangrun sem íslenskt leikhús býr við. Og sú einangrun er staðreynd.“

Þessi varnaðarorð Þórhildar hafa því miður greinilega ekki skilað sér til ráðamanna í Þjóðleikhúsinu. Ekki einungis eru öll verkin á leikárinu íslensk heldur er aðeins einn leikstjórinn erlendur. Hið ríkisrekna íslenska leikhús vill greinilega frekar efla einangrun sína en opna nýja glugga, sem er ekki vænlegt fyrir framtíð íslenskrar leiklistar. Eflum íslenskar sviðslistir fyrir alla muni, en heftum ekki súrefnisflæðið til þeirra utan úr heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigrún M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Hamskiptin

eftir Franz Kafka í leikgerð Vesturports

Rómuð sýning Vesturports snýr aftur eftir sigurgöngu um heiminn.

Sýnt frá 17. september. Aðeins 9 sýningar.

Trygguðu þér leikhúskort!

WWW.LEIKHUSID.IS

- ★★★★★ The Australian Stage
- ★★★★★ Time Out Hong Kong
- ★★★★★ The Guardian
- ★★★★★ Sunday Express
- ★★★★★ Daily Mail
- ★★★★★ What's On Stage
- ★★★★★ Daily Telegraph

„Sníldarverk“

New York Times

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

FRÁ DEGI TIL DAGS

Alltaf á mánudögum, eða þannig „Við erum bara að skoða þessi mál, við höfum að sjálfsögðu verið að fylgjast með fréttum. Fundurinn í hádeginu var ekki skyndifundur sökum upplýsinga Atla Þórs heldur var hann ákveðinn fyrir nokkuð löngu. Sambærilegir fundir eru alltaf á mánudögum á nokkurra vikna fresti. Þetta er bara eitt af þeim málum sem þar verða á dagskrá,“ sagði Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar, í samtali við Morgunblaðið vegna samtals sem hún átti við Atla Þór Fanndal blaðamann um málefni DV, og hver viðbrögð nefndarinnar geti orðið vegna þeirra upplýsinga sem fram eru komnar.

Pútín, Obama og 5. hola
Ritstjóri Moggans, Davíð




Oddsson, skrifar um ástandið í Úkraínu og aðkomu annarra þjóða þar að: „En hitt er mikilvægara að almenningsálitið í Rússlandi er þannig nú, hvað sem síðar verður, að Pútín myndi missa allan sinn trúverðuleika heima fyrir og þá stöðu sem hann hefur, tækist Úkraínustjórn að yfirbuga aðskilnaðarsinna og niðurlægja Pútín. Pútín tekur því frekar þá áhættu, að Obama forseti muni við þessar aðstæður gera 15 mínútna hlé við 5. hola á golfvöllinum og segja við fréttamenn að ekki sé hægt að útloka að efnahagsþvinganir verði enn hertar, vegna óheppilegrar framgöngu Rússa.“



sme@frettabladid.is
jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Ungur nemur, gamall skuldar?

FJÁRMÁL



Guðlaug Kristjánsdóttir formaður BHM

Íslenska námslánakerfið þarfnast heildstæðrar endurskoðunar. Greiðslubyrði vegna námslána nemur nú um þriggja vikna launum ár hvert. Endurgreiðslutími hefur verið að lengjast, eftir að horfið var frá því fyrirkomulagi að fella niður lánin eftir tiltekinn tíma frá lokum náms, eða við tiltekinn aldur. Það tekur í pyngjuna að þurfa að ráðstafa hátt í eins mánaðar launum í afborganir af námsláni. Afborganirnar eru tekjutengdar, þannig að laun hafa bein áhrif á það hve mörg ár tekur að greiða lánin upp. Háar tekjur kljúfa lánið hraðar en lágur. Því lægri sem tekjur fólks eru miðað við upphæð láns, því fleiri ár spanna afborganirnar. Er það þjóðfélagslega eðlileg staða, að lágtekjufólk beri skuldir af námi almennt lengur en aðrir? Í landi þar sem kynbundinn launamunur er viðvarandi, getur slíkt ástand þýtt að konur beri námsskuldir að jafnaði lengur en karlar. Viljum við það?

Nú er svo komið að námsskuldir fylgja fólki inn í ellina. Ekki bara út starfsævina, heldur lífið allt. Hvenær var sú ákvörðun tekin að það væri æskilegt? Líklegast aldrei, enda falla heimildir til undanþágu frá afborgunum vegna bágrar fjárhagsstöðu til dæmis niður þegar lífeyrisaldri er náð. Þannig fer öryrki sem hefur verið undanþeginn greiðslum aftur að fá til sín greiðsluseðla þegar hann breytist í lífeyrisþega. Lög gera

→ Það tekur í pyngjuna að þurfa að ráðstafa hátt í eins mánaðar launum í afborganir af námsláni.

með öðrum orðum ekki ráð fyrir því að aldradír skuldi námslán.

BHM gerir athugasemdir við það verklag að veita stuðning vegna barneigna á námsárum á formi hækkads láns sem síðan þarf að greiða til baka. Almennt eru ekki gerðar kröfur um endurgreiðslur barnabóta til samfélagsins, nema í gegnum skatta. Svipað má segja um húsnæðisstuðning, sem einnig er veittur á formi hækkads láns til námsmanna. Hærra lán lengir greiðslutíma, þannig að sú staða getur komið upp að fólk sé í raun enn að greiða til baka húsnæðis- og barnabætur um áttírett. Og þá helst kannski gamlar konur.

Lenging endurgreiðslutíma endurspeglar að lokum þá staðreynd að laun háskólamenntaðra á Íslandi vega ekki upp tilkostnað við öflun menntunar. Það dæmi gengur ekki upp og því þarf að breyta.

Allar ákvarðanir, hvort sem þær birtast í aðgerðum eða aðgerðaleysi eru stefnumótandi. Nú er þörf á markvissri skoðun á námslánakerfi Íslendinga þannig að það komist í sómasamlegt horf.

Punglyndi, meðferð á villigötum?

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Flestir þekkja einhvern sem er dapur, vonlaus, fullur af vanlíðan og sér ekki birtuna í kringum sig. Viðkomandi getur verið náinn manni eða í nærumhverfi eins og til dæmis í vinnu eða skóla. Sumir telja sig jafnvel sjá utan á fólki hvernig því líður án þess að hafa átt samskipti við það. Ýmis teikn geta bent til þessa, líkamstjáning og margt fleira. Það ætti þó að varast að dæma um slíkt nema hafa frekari vísendingar og þá sérstaklega átt samtal við viðkomandi. Ástæður þess að fólki líður illa eru margvíslegar og það eru einstaklingarnir líka, því hlýtur það að vera að orsakir fyrir þunglyndi séu fjölbættar.

Oft finnur einstaklingur sjálfur fyrst og fremst fyrir þeirri vanlíðan sem fylgir þunglyndi, en umhverfi hans, fjölskylda og vinir átta sig líka á breytingum. Það getur þó verið býsna dulíð og þá má með sanni segja að áhugi eða næmi fyrir líðan fólks í kringum sig er mjög mismunandi milli einstaklinga. Þetta leiðir til þess að greining og meðferð getur tafist og jafnvel komið of seint, en þekkt er að sjálfsvíg eru tíðari í hópi einstaklinga sem finna engan tilgang með tilveru sinni. Opin umræða um þunglyndi á síðastliðnum árum og fræðsla um sjúkdóminn hefur gert það að verkum að það er ekki lengur samfélagsleg afneitun að hann sé til. Í dag sjáum við að andlegir sjúkdómar eru mjög algengir, þunglyndi og kvíði eru í fararbroddi þeirra og stór hluti þeirra sem glíma við örorku gera það einmitt fyrst og fremst vegna slíks vanda.

Misræmi í boðefnaskiptum

Greining þunglyndis fer fyrst og fremst fram með samtali við fagaðila auk þess sem notaðir eru staðlaðir spurningalistar, það er ekki til nein blóðrannsókn eða röntgenmyndataka sem hjálpar og lækni skoðun er alla jafna eðlileg. Fyrir sumum eru þessi vandamál því illa áþreifanleg og sumir jafnvel hræðast að taka á þeim, bæði fagfólk sem aðrir. Í því ljósi er áhugavert að horfa til þess að það sem hefur verið talin meginástæða þunglyndis sé misræmi í boðefnaskiptum í heilanum. Sérstaklega hefur þar verið nefnt boðefnið serotonin sem fyrirfinnst í miðtaugakerfinu en einnig í blóðflögum og meltingarvegi og hefur verið tengt vellíðan og hamingju auk ýmissa annarra þátta.

Ein meginkenningin sem við höfum starfað eftir varðandi ástæður þunglyndis er að þetta

Ástæður þess að fólki líður illa eru margvíslegar og það eru einstaklingarnir líka, því hlýtur það að vera að orsakir fyrir þunglyndi séu fjölbættar.

boðefni sé af skornum skammti milli taugaenda í heilanum, meðferðin hefur því beinst að því að auka það og eru öll nútíma þunglyndislyf meira og minna byggð á þeim skilningi, svokölluð SSRI-lyf. Til viðbótar við lyfjagjöf kemur margvísleg samtals- og hugræn atferlismeðferð, auk ráðlegginga um hreyfingu og mataræði en sumir eru þeirrar skoðunar að það eigi að vera í forgrunni og lyfin eingöngu notuð þegar ekki næst viðunandi árangur. Þá hefur einnig komið fram að lyfin taka langan tíma að virka og virknin er oft ekki nægjanlega góð miðað við þann undirliggjandi vanda sem er talinn liggja til grundvallar veikindum viðkomandi, sem sé skortur á fyrrnefndu boðefni.

Rétta þarf stefnuna af

Nú hafa vísindamenn í Bandaríkjunum sett þessa kenningu á hausinn með því að efast um að þetta boðefni skipti raunverulega máli. Þeir notuðust við músamódel sem er oft gert sem forstíga í slíkum rannsóknum, þar sem búíð var svo um hnútana að músarnar framleiddu ekkert slíkt efni í líkamanum. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að það skipti engu máli fyrir þunglyndi, depurð eða hegðun þeirra. Ýmis hegðunarpróf og áreitisspróf voru skoðuð í þessu samhengi auk þess sem músarnar voru meðhöndlaðar með SSRI-lyfjum sem breyttu engu um hegðunarmynstur þeirra í samanburði við frískar mús. Frekari rannsóknir eru auðvitað þörf áður en of miklar ályktanir eru dregnar af þessu.

En í ljósi þess að við erum að glíma við þennan mikla vanda í öllum vestrænum samfélögum og þótt víðar væri leitað, gengur okkur gengur ekki nægjanlega vel að meðhöndla þennan sjúkdóm. Þrátt fyrir að við eyðum milljónum króna árlega í neyslu þessara lyfja lætur árangurinn á sér standa. Hagsmunir sjúklinga eru miklir, en ekki síður þeirra sem framleiða lyfin. Vandinn er raunverulegur og niðurgreiðsla úrræða annarra en lyfja er takmörkuð hérlandis, sérstaklega til sálfræðinga. Tímaskortur í heilsgæslu og mannahallæri þar, sem og hjá sérfræðingum á stofu, gerir enn erfiðara fyrir og ef rétt reynist að við séum á rangri braut í meðhöndlun þessa algenga kvilla með ofangreindum lyfjum þarf heldur betur að rétta af stefnuna.

„Dæmið er rangt, niðurstaðan rétt“

Ritstjóri Fréttablaðsins sýndi mér þann sóma á Sprengisandi um helgina að helga mér og skoðunum mínum nokkurn hluta þáttarins án þess þó að leyfa mér að taka þátt. Þekkt er að erfitt er að eiga orðastað við fjarstätt fólk. Í leiðara Fréttablaðsins í gær bætir hann svo um betur og leggur út af gagnrýni Margrétar Kristmannsdóttur kaupkonu í nefndum þætti og kemst að því að dæmi sem ég tók í nýlegri grein minni sé kolrangt.

FJÁRMÁL



Þorsteinn Sæmundsson þingmaður Framsóknarflokks

Fyrst af öllu gleðst ég yfir því að vöruverð á Íslandi og þróun þess sé komin á dagskrá. Það er löngu tímabært að tekin sé vönduð umræða um vöruverð og rekstur verslunar því hvort tveggja hefur mikil áhrif á afkomu okkar allra. Fyrst af öllu um þá fullyrðingu að 5% verðlækkun innfluttra vara lækki vísitölu neysluverðs um 2%. Innflutt vara vegur um 35% af neyslúvísitölunni, 5% lækkan hennar lækkar vísitölu neysluverðs um 2%. Þessi niðurstaða er fengin með aðstoð starfsmanna Hagstofunnar.

Verðtryggð lán heimilanna nema nú 1700 milljórdum, 2% af þeirri upphæð eru 34 milljarðar. Rangt dæmi. Það held ég hreint ekki. Önnur fullyrðing sem fram kom í grein minni fór fyrir

brjóstið á kaupkonunni. Það er að styrking krónu skili sér ekki inn í vöruverð en veiking skili sér strax. Þessi fullyrðing er komin frá starfsmanni greiningarfyrirtækis sem hefur það að aðalstarfi að fylgjast með verðbreytingum og áhrifum þeirra. Rangt dæmi. Það held ég hreint ekki.

Nægir ekki sem afsökun

Undanfarin misseri hefur íslenska krónan styrkst um 13% að meðaltali gagnvart helstu viðskiptamyntum. Á sama tíma hefur vörurkarfa í íslenskum verslunum hækkað að undanteknum verslunum Bónuss þar sem hún hefur lækkað um 3%. Launahækkanir sem vitnað var til eru væntanlega 2,85%. Ekki nægir það sem afsökun fyrir að lækka ekki vöruverð.

Kaupkonan sagði verð birgja í útlöndum hækka tvisvar á ári. Samt er verðbólga í evruríkjunum í sögulegu lágmarki, í kringum hálf prósent. Íslensk verslun hlýtur að njóta stórum verri kjara en verslun í Evrópu samkvæmt þessu. Hvað ætli valdi því? Nú er rétt að benda á góðu fréttirnar. IKEA treystir sér til að lækka vöruverð um 5% væntanlega vegna þess að sænsk króna hefur veikst gagnvart íslenskri um rúm 16% síðan í febrúar í fyrra. Þessu ber að

→ Þessi þingmaður hyggst beita sér fyrir bættum samkeppnislögum. Þessi þingmaður styður ríkisstjórn sem hefur afnám verðtryggingar á stefnuskrá sinni. Þessi þingmaður styður ríkisstjórn sem ætlar að taka til í ríkisrekstri, að hafa hér hallalaus fjárlög, að bæta hagstjórn.

fagna þótt skrefið sé stutt. Hvað dvelur önnur verslunarfyritæki?

Ritstjórinn hvetur þann sem hér ritar að taka til hendinni á Alþingi. Ég þakka hvatninguna en það þarf ekki að hvetja þennan þingmann. Þessi þingmaður hyggst beita sér fyrir bættum samkeppnislögum. Þessi þingmaður styður ríkisstjórn sem hefur afnám verðtryggingar á stefnuskrá sinni. Þessi þingmaður styður ríkisstjórn sem ætlar að taka til í ríkisrekstri, að hafa hér hallalaus fjárlög, að bæta hagstjórn.

Jú, niðurstaðan var rétt en dæmið alls ekki rangt. Ég hvet ritstjórnann til áframhaldandi umfjöllunar um vöruverð og verslun, gjarnan frá öllum hliðum. Full þörf er á!

KARLSVAKA

Stórtónleikar í Eldborg Hörpu 12. september 2014 kl. 21.00

Fjöldmörg af stærstu nöfnum íslenskrar tónlistar sameinast í minningu um orgelmeistarann Karl J. Sighvatsson

FLOWERS
Björgvin Halldórssón og Jónas R. Jónsson

MANNAKORN
Pálmi Gunnarsson og Magnús Eiríksson

TRÚBROT
Gunnar Þórðarson og Magnús Kjartansson

MEGAS

HJALTALÍN
Högni Egilsson og Sigríður Thorlacius

APPARAT ORGAN KVARTETT

ÓLAFUR ARNALDS

Allur ágóði af tónleikunum rennur til Minningarsjóðs Karls J. Sighvatssonar sem styrkir ungt tónlistarfólk til náms.

Miðasala á midl.is og harpa.is

AF NETINU

Kúnninn tapar alltaf



Í gamla daga fórum við í bankann og afgreiddum okkar mál með bankastarfsfólki. Kostaði auðvitað vinnu starfsfólks. Nú sitjum við heima og afgreiðum okkar mál gegnum tölvu. Kostar enga vinnu starfsfólks og sparar bankanum nokkurn pening. Eðlilegt framhald væri, að nýju samskiptin leiddu til verðlækkunar á þjónustu. En slíkt dettur bankastjórum aldrei í hug. Aldrei. Banksterar fara bara hina leiðina og hækka verð þjónustunnar hjá þeim, sem enn nota gamla mátann. Þannig sparar bankinn á annan veginn og krækir í aukatekjur á hinn veginn. Banksterar hafa auðvitað samráð um

samsærið, þannig eru banka-„viðskipti“ á Íslandi í dag.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

✝


Ástkær sambýlismaður minn,
HELGI JÓNSSON
Hraunbæ 8,
lést miðvikudaginn 27. ágúst.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju
föstudaginn 5. september kl. 13.00.



**Fyrir hönd vina og vandamanna,
Þórdís Hjörleifsdóttir**

✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
GÚSTAF ADOLF NJÁLSSON
„DÚDDI Á HVOLI“
húsasmíðameistari,
Pverholti 16, Akureyri,
lést á lyfjateild Sjúkrahússins á Akureyri
mánudaginn 25. ágúst. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju,
5. september klukkan 13.30.



**Halla Kristmunda Sigurðardóttir
börn, tengdabörn og barnabörn.**

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
JÓN G. HJÁLMARSSON
frá Vestmannaeyjum,
Kleppsvegi 62,
lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn
31. ágúst.



Soffía Guðrún Jóhannsdóttir
Jóhann Pétur Jónsson
Einar Hjálmar Jónsson
Hafðís Jónsdóttir
Kristrún Jónsdóttir
Kristín S. Steingrímsdóttir
Erla J. Erlingsdóttir
Georg Kulp
Ólafur Fannar Vigfússon
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
RAGNHEIÐUR HELGA
SVEINBJÖRNSDÓTTIR
Höfða, hjúkrunar og dvalarheimili
á Akranesi,
lést mánudaginn 25. ágúst. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju
fimmtudaginn 4. september kl. 14.00. Blóm og kransar vinsam-
lega afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á
Höfða, hjúkrunar og dvalarheimili á Akranesi.



Skúli B. Hákonarson
Alma Hákonardóttir
Hrönn Hákonardóttir
Sesselja Hákonardóttir
Hafðís Hákonardóttir
Sveinbjörn Hákonarson
og ömmubörn.

Sigurlaug Magnúsdóttir
Sigursteinn Hákonarson
Guðrún S. Guðmundsdóttir

✝

Bróðir okkar, mágur og frændi,
JÓN EGGERT GUNNLAUGSSON
Sauða, Vatnsnesi,
lést á Heilbrigðisstofnuninni á
Hvammstanga 26. ágúst sl. Útförin fer fram
frá Hvammstangakirkju miðvikudaginn
3. september kl. 15.00. Þeim sem vildu
minnst hans er bent á Hollvínasamtök
Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.



Porgeir Gunnlaugsson
Sverrir Gunnlaugsson
Ellert Gunnlaugsson
og aðrir aðstandendur.

Elinborg Þorsteinsdóttir
Torgerð Hjelm
Aðalheiður Jónsdóttir

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



RÆKTAR GARÐINN SINN „Ég byrjaði á að vera neydd til að hjálpa mömmu, svo kom bakterían af því að umgangast hana.“ MYND/TÓMAS G. GÍSLASON

Er búin að leika mér milli trjáanna í 40 ár

Edda Gísladóttir að Hlíðartúni 12 í Mosfellsbæ hlaut viðurkenningu frá bænum fyrir einstaka umhirðu síns stóra garðs sem státar af fjölbreyttum gróðri.

„Garðurinn er tvö þúsund fermetrar að stærð en ég hef gaman af ræktuninni og hún er líka mín líkamsrækt. Ég fer út í garð að þuða í stað þess að hlaupa á bretti og þar fæ ég mjög fjölbreyttar líkamsæfingar,“ segir Edda Gísladóttir kennari. Hún býr að Hlíðartúni 12 í Mosfellsbæ og fyrir utan eigin lóð er hún þar með leiguland líka sem hún hefur ræktað í 40-50 ár. Á bæjarhátíðinni í túninu heima sem haldin var í Mosfellsbæ um síðustu helgi tók hún við viðurkenningu fyrir þessa eljusemi sína.

Þótt sumarið hafi verið votviðrasamt segir Edda garðinn hafa verið fallegan fram að þessu. Hún kveðst slá hann á fimm daga fresti. „Ég er komin á eftirlaun og þegar maður er heima getur maður nýtt hvert augnablik og þau komu mörg góð inn á milli. Ég er með góða vél sem keyrir sjálf og safnar í sig heyinu og ef slegið er nógu oft er í lagi þótt grasið sé blautt. Svo breiði ég heyið yfir ill-

gresið milli trjáanna til að þurfa ekki að reyta það. Maður verður að vera svolítið útsmoginn.“

Ekki kveðst Edda hafa stúderað garðrækt heldur vera alin upp af danski móður með gríðarlegan áhuga á að rækta fallegan garð hér á Íslandi. „Ég byrjaði á að vera neydd til að hjálpa mömmu, svo kom bakterían af því að umgangast hana. For-eldrar mínir áttu hús hér í götunni og þar byrjuðu þau að móta garð meðan ekkert var nema gras. Ég keypti þetta hús þegar ég var 22 ára og leigði það út fyrstu árin en flutti í það fyrir 40 árum og er búin að vera að leika mér á milli trjáanna síðan.“

Spurð um fágætar tegundir í garðinum kveðst Edda vera með þrjú dönsk eikartré og beykitré sem þrífist ótrúlega vel.

Ef hún væri að byrja á garði núna kveðst hún mundu planta öðru vísi en hún hefur gert. „Maður verður að passa sig á trjánum. Ég er búin að

„Ég fer út í garð að þuða í stað þess að hlaupa á bretti og þar fæ ég mjög fjölbreyttar líkamsæfingar.“

Edda Gísladóttir, kennari

saga niður allar aspir og grenitré eru heldur ekki sniðug hvar sem er en ég reyni að klippa þau til.“

Skyldi hún gera allt sjálf? „Já, að mestu en ég á góða fjölskyldu sem hleypur undir bagga ef með þarf. Það er samt eiginlega frekar að ég hjálpi til í gördum fjölskyldunnar þegar ég er búin í mínum!“

Hún dregur í land með þetta síðasta og segir verkefnið auðvitað aldrei tæmd í svona stórum garði. „Núna eftir rokið aðfaranótt sunnudags fallast mér svolítið hendur en það er að koma haust og þetta verður bara að vera svona.“

gun@frettabladid.is

✝

Ástkær unnusti minn, faðir, sonur og bróðir,
PÓRÐUR HEIÐAR (DODDI) JÓNSSON
frá Akranesi,
lést af slysförum í Þýskalandi 12. ágúst sl.
Útför Þórðar fer fram frá Akranesarkirkju
föstudaginn 5. september og hefst
athöfnin kl. 15.00.



Lise Alexandersen
Petrina Menzel
Alexander Jon Banke
Guðrún Karítas Albertsdóttir og systkini hins látna.

✝

Okkar ástkæri faðir og afi,
ÞORVALDUR SÆVAR PÁLSSON,
lést á Lungnadeild Landspítalans þann
27. ágúst síðastliðinn. Útför hans fer fram frá
Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. september
kl. 15.00.



Heiða Þorvaldsdóttir
Diljá Björg Þorvaldsdóttir
Einar Páll Þorvaldsson
Alexander Heiðar Ólason

✝

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,
föður okkar, tengdafaður og afa,
BJARTMARS GUÐMUNDSSONAR
Skúlagötu 40a.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar H2 á
Hrafnistu, Laugarási, fyrir alúð og umhyggju.



Hilda Nissen
Kristín Bjartmarsdóttir
Elisa Björk Sigurðardóttir
Sigríður Ósk Sigurðardóttir
Hilda Ríkhardsdóttir
Kristján Bjartur Brynjarsson

Brynjar Kristjánsson
Þráinn Alfreðsson
Axel Karlsson

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
PÓRA ÞORVALDSDÓTTIR
Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,
er látin. Útför hennar fer fram eftir u.þ.b.
hálfan mánuð og verður auglýst síðar.



Már Viðar Másson
María Erla Másdóttir
Þorvaldur Tómas Másson
Nikulás Úlfar Másson
Halla Þóra Másdóttir
Hafsteinn Másson
Sigríður Svava Másdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Margrét Ólafsdóttir
Ingólfur Sigurðsson
Ulla Britt Jakobsson
Sóley Ingadóttir
Ágúst Kárason
María Þorleifsdóttir
Óskar Dagsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




BANANI ER BER

Grasfræðileg skilgreining á beri er að það er kjötmikill ávöxtur sem myndast úr einu blómlegi. Banani fellur undir þessa skilgreiningu og telst því vera ber. Dæmi um fleiri ávexti sem grasfræðilega eru skilgreindir sem ber eru tómatar og lárpera.

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.



VANTAR UNGLING- INN ÞINN ORKU?

GENGUR VEL KYNNIR Énaxín er koffínlaus orkugjafi sem eykur orku, styrkir ónæmiskerfið og getur einnig bætt svefninn.

Énaxín er frábær náttúruleg orkumixtúra og töflur fyrir alla sem þurfa á aukinni orku og úthaldi í dagsins amstri að halda. Virku jurtirnar í Énaxín eru burnirót (Rhodiola rosea) og Schisandra Chinensis en þessi tvö efni hjálpa frumum líkamans að framleiða orku og viðhalda henni yfir daginn ásamt því að styrkja taugakerfið. Énaxín hefur verið ein mest seldu heilsuvaran í Danmörku síðastliðin tíu ár.

GÓÐ ÁHRIF Á MINNID

Schisandra er berjategund sem hefur róandi áhrif, styrkir mótstöðu líkamans og dregur úr hættu á sýkingum. Schisandra er einnig sögð vera góð við hósta, astma og gigt, styrkjandi fyrir lífrina, bæta minnið, styrkja taugakerfið og auka viðbragðsflýti. Schisandra er talin svipa til ginsengs.

SANNKALLAÐUR GLEÐIGJAFI

Burnirót hefur verið notuð í hefðbundnum kínverskum lækningum við stressi, þunglyndi, migreni og einbeitingarskort. Burnirót er einnig sögð hafa afar jákvæð áhrif á kynhvötina.

EYKUR ORKU OG ÚTHALD

Énaxín kemur í mixtúru- og töfluformi. Best er að taka 25 ml af mixtúru á dag í 16 daga og svo töflurnar í framhaldi. Í töflunum eru auk þess öll helstu vítamín og steinefni sem styrkja ónæmiskerfið fyrir pestum vetrarins.

ÚTSÖLUSTADIR

flest apótek, heilsu-
búðir, Fjarðarkaup,
Heilsutorg Blóma-
vals og Þín verslun,
Seljabraut. Nán-
ari upplýsingar á
www.gengurvel.is



Frábær snið

Eigum til flott úrval af buxum frá danska merkinu LauRie. Háar í mittið og teygja í efninu.

Þessar gallabuxur eru til í 3 síddum og 2 skálmavíddum.

4 litir - stærð 34 - 54

Verð 13.900 kr.

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 10-15.

black pepper

FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Klík á myndir og verð á Facebook




10% afsláttur



Gjöf handa þér og þínum

Tékk
www.tk.is
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



ELTIR ÆSKUDRAUMINN SINN

ÍPRÓTTIR ÖLDUNGA Daníel Smári Guðmundsson stefnir á að verða heimsmeistari í hindrunarhlaupi á næsta ári. Hann er nýkominn heim af Evrópumeistaramóti öldunga í Tyrklandi þar sem hann náði ágætis árangri.

Daníel Smári Guðmundsson frjálsíþróttakappi tók þátt í sínu fyrsta Evrópumóti öldunga í frjálsum íþróttum í síðustu viku en mótið fór fram í Izmir í Tyrklandi. „Ég náði fjórða sætinu í 3000 metra hindrunarhlaupi sem er um það bil sá árangur sem ég bjóst við. Aðstæðurnar voru erfiðar, 34°C hiti þegar hlaupið fór fram en ég er ekki vanur að hlaupa í svo miklum hita.“

Daníel var í landsliði Íslands í frjálsum íþróttum á sínum yngri árum og keppti þá í 3000 metra hindrunarhlaupi. „Ég hef ekki keppt í þessari grein í tæp fimm-tán ár. Þetta var mín sérgrein á árum áður og ég var nokkuð framarlega þegar ég var upp á mitt besta. Til dæmis átti ég annan besta tíma ársins í heiminum í flokki 38 ára þegar ég var á þeim aldri. Ég var því lengi að bæta mig, flestir hætta að bæta sig eftir 35 ára. Ég var alltaf að bíða eftir að ég yrði fertugur svo ég yrði gjaldgengur á Evrópu- og Heimsmeistaramót öldunga en síðan tók annað við í lífinu sem hafði forgang og ég fór í fyrsta skipti á Evrópumót nú fyrir viku síðan, að verða 53 ára,“ segir Daníel.

ÓRAUNHÆFT MARKMIÐ
Hann ákvað í fyrra að láta



Á FERÐ Daníel hefur æft hlaup alla sína tíð og segist líða illa ef hann stoppar.

gamlan draum rætast og stefnir á að verða heimsmeistari í 3000 metra hindrunarhlaupi öldunga á Heimsmeistaramótinu sem fram fer í Lyon á næsta ári. „Þetta er kannski óraunhæft markmið en markmið verða að vera óraunhæf til að árangur náist. Ég hef verið að hlaupa maraþon og fjallahlaup eins og gengur og gerist og hef í raun aldrei hætt að hlaupa. Ég er af fyrstu kynslóð íslenskra hlaupara sem hafa hlaupið alla sína tíð en ég byrjaði að æfa markvisst fyrir Heimsmeistaramótið fyrir rúmu ári.“

Fram undan hjá Daníel eru stífar æfingar en þegar hann ákvað að elta drauminn setti hann upp tveggja og hálfis árs plan. „Þegar maður byrjar að æfa frjálssar aftur af viti eftir svona langan tíma þarf að fara aftur í grunninn, til



Í TYRKLANDI Daníel keppti á sínu fyrsta Evrópumóti öldunga á dögunum.

ADSENDAR MYNDIR

að ná styrk og liðleika. Það er líka mikilvægt að æfa ekki of mikið, ég til dæmis hef aldrei verið svona gamall áður og veit því ekki hvað má leggja á svona gamlan mann til að fara ekki yfir strikið,“ segir Daníel á léttu nótnum.

ENGINN JAFN GAMALL KEPPT
Daníel hefur átt Íslandsmet í

mörgum greinum, svo sem 800 metra, 1500 metra, 5 og 10 kílómetra hlaupum og 3000 metra hindrunarhlaupi í nokkrum aldursflokkum. „Ég byrjaði að setja Íslandsmet in í þessum greinum og svo hafa einhverjir komið á eftir og bætt einhver þeirra. Það má segja að ég hafi að mörgu leyti skrifað söguna í þessum aldurs-

flokkum og verið hvatning fyrir þá sem komu á eftir til að bæta metin. Ég geri stundum grín að því að aldrei hefur jafn gamall maður hlaupið hindrunarhlaup á Íslandi fyrr eða síðar og því ekki nema von að ég eigi Íslandsmetið því það hefur enginn annar keppt í greininni,“ segir hann og hlær.

■ liljabjork@365.is



www.lyfja.is

20% afsláttur í september

ibuxin rapid

400 mg hraðvirkt ibuprofen
10 töflur og 30 töflur



Fluconazol ratiopharm

150 mg fluconazol
1 hylki til inntöku

Naso-ratiopharm

Xylometazolin hýdróklóríð
0,5 mg/ml og 1 mg/ml
10 ml nefúði



grænn fyrir börnin

Fæst hjá okkur án lyfseðils

Lágmúla Laugavegi Nýbýlavegi Smáralind Smáratorgi Borgarнесi Grundarfirði Stykkishólmi Búðardal Patreksfirði Ísafirði Blönduosi Hvammstanga Skagaströnd Sauðárkróki Húsvík Þórshöfn Egilsstöðum Seyðisfirði Neskaupstað Eskifirði Reyðarfirði Höfn Laugarási Selfossi Grindavík Keflavík



HANDÞVOTTUR Þvoðu hendurnar með heitu vatni og sápu í 15 til 20 sekúndur oft á dag, til að minnka líkur á inflúensuþeni.

SLEGIST VIÐ SLENID

Inflúensan er árlegur gestur á tímabilinu október til mars. Hún er tvo til þrjú mánuði að ganga yfir og smitast mjög auðveldlega milli manna.

- Forðastu margmenni meðan flensan er að ganga eða haltu í það minnsta nokkurri fjarlægð milli þín og annarra á þessu tímabili til dæmis 1,5-2 metrum.
- Þeir hlutar líkamans sem eru hvað næmastir fyrir kulda eru hendur, fætur, háls og höfuð. Ekki láta þér því verða kalt á þessum stöðum.
- Inflúensuveiran lifir á yfirborði í allt að 48 tíma. Handþvottur er mikilvægur í baráttunni við flensuna. Þvoðu hendurnar með heitu vatni og sápu í 15 til 20 sekúndur, oft á dag.
- Notaðu bréþurrkur þegar þú hóstar og hnerrar og hentu þeim beint í ruslið.
- Varastu að snerta á þér nefið og munninn nema hendurnar séu hreinar. Þetta eru svæðin þar sem veiran kemst auðveldlega inn í líkamann.
- Hrár hvítlaukur er talinn öflugur í baráttunni við kvef og flensu. Það gæti reynst vel að smyrja hvítlaukssafa í nasirnar (gæti sviðið undan) eða tyggja hvítlauk, en það þarf ekki að kyngja honum.
- Tvö hundruð grömm af hreinni jógúrt á dag eru talin minnka sóttnæmi gagnvart kvefi og flensu.
- Vatn er mikilvægt fyrir sterkt ónæmiskerfi. Það hreinsar líkamann og skolar út eitrefnum.
- Tómatar, sítrusávestir, paprika, brokkólí, hnetur og kivi innihalda mikið C-vítamín.
- Reykingar auka áhættuna á að fá flensu.

Heimildir:
emedexpert.com
landlaeknir.is

ÁNÆGÐAR MEÐ BIO-KULT

Stelpurnar í meistaraflokki Fylkis í fótbolta hafa verið að nota Bio Kult-vörurnar og mæla með notkun þeirra.



FYLKIR Kvinnalið Fylkis í fótbolta hefur náð góðum árangri í Pepsi-deildinni.

MYND/DANIEL

MÆLA MEÐ BIO-KULT

ICECARE KYNNIR Bio-Kult og Icecare styðja við bakið á kvinnaliði Fylkis í fótbolta. Stelpurnar eru ánægðar með Bio-Kult-vörurnar og mæla með þeim.

Kvinnalið Fylkis hefur náð góðum árangri í sumar í Pepsi-deildinni í fótbolta. Leikmenn liðsins hafa notað Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original og líkar það vel. Þær mæla með vörunum enda allar ánægðar með þær.

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuóþol, pírringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.

MÆLIR MEÐ BIO KULT CANDÉA FYRIR SKJÓLSTÆÐINGANA

„Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi,“ segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfari og fíkniráðgjafi.

„Eitt af því sem ég tel skipta miklu máli í því samhengi er að jafnvægi í líkamanum sé gott og flóran sé góð. Í gegnum tíðina hef ég því lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvæginu og orkunni og hef prófað þá allra bestu hér á markaðnum hverju sinni. Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjót-virkasta varan sem ég hef prófað hingað til og mæli með Bio Kult fyrir skjólstæðinga mína, sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu og hefur varan reynst þeim vel.“

BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

Til að fá nánari upplýsingar um vöruna heimsækið Facebook-síðu Bio-Kult Candéa.

HVAR FÆST BOKULT?

Í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



GOTT JAFNVÆGI Sigríði finnst mikilvægt að jafnvægið í líkamanum sé gott.



Garcinia Cambogia Iceland

KOMIÐ Í VERSLANIR!

Garcinia Cambogia

DREGUR ÚR SVENGD
HJÁLPAR AÐ BRENNNA FITU
DREGUR ÚR SÆTUPÖRF
EYKUR VELLÍÐAN
100% NÁTTÚRULEGT
REYNSLA UM ALLAN HEIM

BALSAM

Hefur þú prófað?

Útsöluastaðir: Fjöldi apóteka, Heilsuver, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhornið Blómaval, Heimkaup og Sportlíf

Daglega

D3 vitamín styrkir m.a. ónæmiskerfi, tennur og bein og hjálpar til við upptöku kalks.

F 50+ C 1000 K H

nutra BONUS HAGKAUP



Sykursýki

Sykursýki veldur skemmdum á æðum.

SUPERBEETS eykur Nitric Oxide í líkamanum (30 mínútum eftir inntöku) sem bætir blóðflæði og jafnar blóðsykur svo minni líkur eru á æðaskemmdum af völdum sykursýki. Hand og fót kuldi minnkar og minni líkur eru á augnbotnaskemmdum.

SUPERBEETS YFIRBURÐIR

Ráðlagður dagsskammtur fyrir Nitric Oxide áhrif fyrir eðlilegt blóðflæði



Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur.



Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466



ÞUNGLYNDI
Samkvæmt erlendum rannsóknum eru þunglyndir þrefalt líklegri til að fara ekki eftir fyrirætlum lækna og annarra meðferðaraðila, sem hefur bein áhrif á lífslíkur.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÞUNGLYNDI HEFUR ÁHRIF Á MEÐFERÐ

HEILSA Þunglyndi er mun algengara meðal krabbameinssjúklinga en annarra. Þunglyndi getur haft áhrif á lífslíkur krabbameinsgreindra. Á Íslandi er skimað fyrir vanlíðan á göngudeild krabbameinssjúklinga.

Sex til þrettán prósent skoskra krabbameinssjúklinga þjást af klínísku þunglyndi en hlutfall klínískt þunglyndra almennt er tvö prósent. Þetta kemur fram í rannsókn sem birtist í lækna blaðinu Lancet en greint var frá innihaldi hennar á heilsuvef BBC nýverið. Vísindamenn við háskólana í Edinborg og Oxford skoðuðu gögn 21 þúsund krabbameinsgreindra í Skotlandi. Þeir komust einnig að því að 75 prósent þeirra sem þjást af þunglyndi fá ekki þunglyndismeðferð við hæfi.

Lára Sigurðardóttir, lækni á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins, var innt eftir því hvernig þessum málum er háttað á Íslandi.

„Starfsfólk Ráðgjafarþjónustunnar verður oft vitni að andlegri vanlíðan hjá þeim sem greinst hafa með krabbamein og nýta sér þjónustu hennar. Lífslíkur hafa aukist verulega eftir greiningu krabbameins. Fyrir fimm tíu árum voru fimm ára lífslíkur einungis um 24% miðað við 64% í dag. Nú búum við yfir tækni sem gerir okkur kleift að greina ýmis krabbamein á snemmtigum, lækna þau í mörgum tilfellum eða halda niðri með lyfjameðferð. Sömuleiðis eru til margs konar úrræði við þunglyndi og því afar dýrmætt að greina það snemma til að auka lífslíkur og lífsgæði,“ segir Lára en ekki eru til tölur hjá Krabbameinsfélaginu um algengi þunglyndis meðal þeirra sem nýta sér þjónustu þess.

„Erlendar rannsóknir benda til þess að allt að 58% krabbameinsgreindra upplifi andlega vanlíðan sem er ansi hátt hlutfall og þunglyndi er allt að fimmfalt algengara en hjá þeim sem ekki hafa greinst með krabbamein,“ upplýsir hún.

EKKI EÐLILEGUR FYLGIVILLI

Í rannsókninni sem birt var í Lancet er greint frá því að margir telji þunglyndi eðlileg viðbrögð við krabbameini en svo er ekki. „Það er eðlilegt að finna fyrir depurð eftir áfall, eins og að greinast með krabbamein. Þar sem depurð er algengur fylgifyrirkomur veikinda hættir mönnum til að upplifa þunglyndi einnig sem óhjákvæmilegan hluta af sjúkdómsferlinu. Á meðan depurð er eðlilegur partur af sjúkdómsferlinu er þunglyndi alvarlegri fylgifyrirkomur mikilvægt er að skima fyrir og meðhöndla,“ segir Lára en hjá Krabbameinsfélaginu er ekki skimað sérstaklega fyrir þunglyndi en ef starfsfólk verður vart við andlega vanlíðan er vísað á viðeigandi fagaðila.

SKIMAÐ FYRIR VANLÍÐAN

Á göngudeild krabbameinssjúklinga er skimað fyrir vanlíðan við hverja komu. „Við erum með skimunartæki sem heitir, Mat á vanlíðan, en það er þróað af sálfræðingum í Bandaríkjunum,“ segir Þórunn Sævarsdóttir, deildarstjóri krabbameinssjúklinga. Með tækinu metur fólk vanlíðan sína á skalanum núll til tíu og svarar síðan já- og nei-spurningum til að skilgreina hvað veldur vanlíðaninni. „Spurt er um öll möguleg einkenni. Spurt um almenn vandamál á borð við húsnæði og fjármál, tilfinningalegan vanda og almenn líkamleg vandamál. Fólk er einnig gefinn kostur á að segja hvort það vilji tala við einhvern sérstakan um þessi vandamál, hjúkrunarfræðing, lækni, félagsráðgjafa, næringarráðgjafa eða sálfræðing sem dæmi,“ lýsir Þórunn. Þá leiðbeina klínískar leiðbeiningar einnig meðferðaraðilum um hvernig eigi að bregðast við niðurstöðum. Innt eftir því hvert hlutfall þunglyndis er hjá íslenskum krabbameinssjúklingum segir Þórunn það ekki liggja fyrir. „Gerð var rannsókn fyrir nokkrum árum sem sýndi að hlutfallið var lægra hér en alþjóðlegar tölur segja til um,“ segir Þórunn og veltir fyrir sér hvort Íslendingar svari listanum öðruvísi og reyni að fegra myndina.

NEIKVÆÐ ÁHRIF Á KRABBAMEINSMEÐFERÐ

Lára segir þunglyndi geta haft áhrif á lífslíkur hjá krabbameinsgreindum. „Samkvæmt erlendum rannsóknum eru þunglyndir þrefalt líklegri til að fara ekki eftir fyrirætlum lækna og annarra meðferðaraðila, sem hefur bein áhrif á lífslíkur. Dánartíðni hefur þannig verið hærrí meðal þunglyndra, hvort heldur sem þeir urðu þunglyndir fyrir eða eftir greiningu krabbameins,“ segir hún og bendir á að vissir hópar séu í aukinni hættu á að fá þunglyndi eftir greiningu. „Dæmi um hópa eru einstaklingar með langt genginn sjúkdóm, mikil einkenni, aukaverkanir af meðferð, verki eða fyrri sögu um þunglyndi,“ segir Lára en bendir á að andstætt því virðist þættir eins og að vera giftur, hafa sterkt félagslegt net, vera með jákvætt hugarfar og við góða líkamlega heilsu minnka líkur á þunglyndi og þannig bæta batahorfur. „Oft gleymist líka að hlúa að nánustu aðstandendum því þunglyndi og fleiri geðræn vandamál eru einnig algengari hjá aðstandendum þeirra sem látist hafa úr krabbameini.“



LÁRA SIGURÐARDÓTTIR
Læknir hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins

FIMMFALT ALGENGARA

„Erlendar rannsóknir benda til þess að allt að 58% krabbameinsgreindra upplifi andlega vanlíðan sem er ansi hátt hlutfall og þunglyndi er allt að fimmfalt algengara en hjá þeim sem ekki hafa greinst með krabbamein,“

Pana Chocolate

Súkkulaði sem er gott fyrir þig...



- Náttúruleg ofurfæða
- Enginn unninn sykur!
- Framleitt við lágan hita til að viðhalda miklu magni næringaefna
- Inniheldur hrá lífræn- og náttúruleg innihaldsefni

Allt okkar súkkulaði er bæði hand- gert og innpakkað

Inniheldur lífrænt kakó sem er með miklu magn af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum.

www.icecare.is - Netverslun

Útsölastaðir:

Hagkaup lífræna deildin, Fjarðarkaup - Fræið heilsuhornið, Heilsuhúsið, Blómaval – heilsuhornið, Lifandi markaður Borgartúni



Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Postdreifing

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 2. SEPTEMBER 2014



HEIMSFRUMSÝNING VOLVO XC90

Aldrei fyrr hefur jeppi verið fánlegur með jafn miklu afli samhliða jafn lítilli eyðslu og lítilli CO₂-losun.

Margra mánaða bið bílaáhugamanna lauk í síðustu viku þegar Volvo afhjúpaði nýjan Volvo XC90. Mikil eftirvænting hefur verið eftir bílnum enda markar hann stór tímamót hjá Volvo. Volvo hefur á undanförunum mánuðum gefið út ýmsar upplýsingar um bílinn. Hann er til að mynda með fullkomnasta öryggisstaðalbúnaðinn á markaðnum og býður upp á samsetningu af afli, eyðslu og losun sem ekki hefur verið í boði áður. Volvo hefur einnig gefið út að innanrími Volvo XC90 sé hannað með meiri lúxus en nokkurt innanrími sem hefur áður verið í boði hjá Volvo. Ytra útlit bílsins var svo afhjúpað í síðustu viku í Stokkhólmi. Með Volvo XC90 kynna hönnuðir Volvo nýtt útlit sem mun einkenna komandi kynslóðir Volvo-bíla.

Volvo XC90 markar nýjan kafla

Volvo hefur unnið að nýjum Volvo XC90 síðastliðin þrjú ár og markar bíllinn upphaf að nýjum kafla í sögu Volvo sem gefur til kynna framtíðarstefnu fyrirtækisins í hönnun ásamt úrvali af nýjum sérhönnuðum Volvo-tækninýjungum og nýrri undirvagnstækni Volvo sem kallast Scalable Product Architecture (SPA). „Dagurinn í dag er einn mikilvægasti dagurinn í sögu okkar. Við erum ekki einungis að frumsýna nýjan bíl, heldur erum við að endurskilgreina vörumerkið okkar. Þessi dagur markar tímamót fyrir fyrirtækið. Hinn nýi Volvo XC90 gefur tóninn fyrir komandi kynslóðir Volvo-bíla“ segir Hákan Samuelsson, forstjóri Volvo Car.

Nýtt andlit Volvo

Hinn nýi Volvo XC90 er fyrsti bíllinn sem státar af nýju járnmerki

Volvo. Járnmerkið sem er á framenda bílsins hefur bæði verið endurhannað og gert meira áberandi en áður. Nýja járnmerkið ásamt nýju T-laga DRL-framljósunum sem hafa hlotið heitir Þórshamar eru helstu einkenni hins nýja andlits Volvo XC90. „Þegar litid er í bakssýnispegilinn og Þórshamar blasir við verður öllum strax ljóst að þarna er á ferðinni hinn nýi Volvo XC90,“ segir Thomas Ingelath, aðstoðarforstjóri hönnunardeildar Volvo. „Nýi Volvo XC90 hefur sterka nærveru á veginum.“ Stærri vélarhlíf með nýjum útlinum og skarpari axlarlína sem tengist nýju afturljósunum eru önnur mikilvæg hönnunareinkenni sem framtíðarkynslóðir Volvo munu einnig búa yfir. Nýr Volvo XC90 verður fánlegur með allt að 22 tommu felgum sem mun gera ámynd hans enn kraftmeiri.

Volvo XC90 er án málamiðlana

Volvo XC90 ber skýr merki um

Volvo by Volvo-stefnuna. Framúrskarandi samsetning XC90 af lúxus, góðu rými, fjölbærni, hagkvæmni og öryggi mun færa þennan flokk jeppa á hærra plan, rétt eins og hinn upprunalegi XC90 gerði árið 2002. „SPA hefur gert okkur kleift að búa til fyrsta jeppann sem er án málamiðlana,“ segir Peter Mertens, aðstoðarforstjóri rannsóknar- og þróunarardeildar Volvo. „Þú færð lipurð minni og lægri bíls, lúxusinnanrými, auk framúrskarandi samsetningar af krafti og litlum útblæstri. Þar sem um Volvo er að ræða, býðir það að sjálfsgöðu besta fánlega öryggið.“

Ótrúleg samsetning

Nýr Volvo XC90 mun bjóða upp á samsetningu af afli, eyðslu og losun sem ekki hefur verið í boði áður. Líft og fyrirrennarinn verður XC90 fjórhjóladrifinn og sjö sæta en það sem er frétt næmast er að hann verð-

ur fánlegur með 400 hestafla vél sem losar aðeins 60 g/km. Aldrei fyrr hefur jeppi verið fánlegur með jafn miklu afli samhliða jafn lítilli eyðslu og lítilli CO₂-losun.

Fullkomnasti öryggisbúnaðurinn

Volvo XC90 mun búa yfir fullkomnasta öryggisbúnaði sem er í boði á bílamarkaðnum. Þessi nýi búnaður færir fyrirtækið skrefi nær markmiði sínu um að frá 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Öryggisstaðalbúnaður í þessum nýja sjö sæta Volvo XC90 inniheldur tvær nýjungar sem aldrei hafa verið í boði áður: Annars vegar búnað sem er vörn gegn útafakstri og hins vegar sjálfvirka bremsu ef keyrt er í veg fyrir ökutæki úr gagnstæðri átt. Þessar tækninýjungar sem Volvo heimsfrumsýnir nú, gera Volvo XC90 að einum öruggasta bíl heims.



ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:





Andlitslyfting á Toyota Yaris

Einn alvinsælasti bíll undanfarinna ára er Toyota Yaris og mjög stór hópur bílkaupenda eru sem áskrifendur að þessum endingargóða og áreiðanlega bíl. Því telst það til fréttu þegar ný gerð hans kemur til landsins. Ekki er um að ræða kynslóðarbreytingu bílsins, en engu að síður hefur talsvert breyst nú í Yaris.

Gerbreyttur og fallegur framendi

Útlitslega er stærsta breytingin á framenda bílsins og er það verulega vel heppnuð breyting, hann er allur sportlegri og grimmari. Reyndar svipar framenda hans mjög til gerbreytts framenda Toyota Aygo-bílsins sem kemur brátt af nýrri kynslóð. Framendi beggja bílanna er með X-laga formi sem reyndar er enn meira afgerandi á Aygo og umfram allt mjög laglegt á þeim báðum. Aðal ljós Yaris hafa breyst, hliðarspeglar, afturljós og afturstudari. Þá er nú komið í Yaris Touch 2 margmiðlunarkerfi með 7 tommu skjá.

Margt nýtt að innanverðu

Einnig hafa verið gerðir jákvæðar breytingar á innréttingunni og er hún sem fyrr einkar snyrtileg og stílhrein án fburðar. Hvernig mætti annað vera fyrir ódýran bíl? Yaris-eigendur munu ekki þekkja hið nýja mælaborð sem í nýjum Yaris er og fer þar einnig góð breyting með stórum mælum. Toyota hefur einnig breytt afturfjórðrun bílsins til góðs og er hann fyrir vikið sportlegri í akstri. Hann stendur ögn lægra á vegi og bæði framendinn og afturstudarinn eru lægri en í forveranum og fyrir það verður hann sportlegri útlits en það gæti komið niður á akstri hans í snjó. Engin breyting er þó í vélbúnaði bílsins en áfram um heilmikið úrval véla að ræða.



Fyrstu myndir af næsta Skoda Fabia

Skoda mun kynna nýja gerð Fabia-smábílsins á bílasýningunni í París í október næstkomandi. Skoda hefur engu að síður birt fyrstu myndir af bílnum. Er hér um að ræða þriðju kynslóð þessa vinsæla bíls. Fabia er nú 30 mm lægri á vegi og 90 mm breiðari en núverandi Fabia. Nýi bíllinn fær ytri línur að láni frá keppnisbílum Skoda, enda er hann allur sportlegri á að líta. Mikil ríður á að vel takist til hjá Skoda þar sem Fabia er næstvinsælasti framleiðslubíll fyrirtækisins á eftir Octavia.

Skoda framleiddi 939.200 bíla á síðasta ári og ætla á skömmum tíma að ná að framleiða 1,5 milljón bíla. Í ljósi þess að sala á Fabia féll um 12% á fyrstu sex mánuðum þessa árs í Evrópu eru væntingar Skoda-manna að sala hans muni aftur ná nýjum hæðum, en þessar sölutölur sýna hversu mikilvægt er að honum verði vel tekið. Nýr Fabia mun erfa margt frá nýjum Volkswagen Polo, en eins og kunnugt er fellur Skoda undir Volkswagen-bílafjölskylduna.

Sami undirvagn verður í Fabia og í Polo og er hann að sjálfsögðu af MQB-gerð, eins og svo margir nýir bílar Volkswagen-fjölskyldunnar. Sama fjórðrun verður undir bílnum, sem og bremsur og afþreyingarkerfið verður einnig það sama. Vélaúrvalið verður einnig það sama og minnsta vélin aðeins þriggja strokka. Verð nýs Fabia hefur ekki verið gefið upp en núverandi Fabia kostar frá 11.640 evrum í Þýskalandi, eða 1,8 milljónum króna. Ódýrasta gerð Fabia í dag hjá Heklu kostar 2.320.000 krónur, svo ekki munar miklu.



Nissan Leaf í hleðslu.

VISTVÆNAR SAMGÖNGUR – VEGUR EÐA VEGLEYSA

Það væri mikil synd ef allt það sem áunnist hefur á síðustu árum væri unnið fyrir gýg vegna úthaldsleysis stjórnvaldamanna.

ÞÓSEND GREIN

Jón Björn Skúlason
Íslensk NýOrka

Á undanförunum árum hefur talsvert áunnist í notkun innlendra orku í samgöngum. Að undanförunum hefur verið talsvert uppbygging innviða og þar má sérstaklega nefna opnun nýrra metan- og hraðhleðslustöðva. Lengi hefur því verið haldið fram að erfitt verði að fá almenning og fyrirtæki til að kaupa metan- og rafmagnsbíla þegar það skorti innviði. Þó að grettistaki hafi verið lyft að undanförunum er ekki þar með sagt að björninn sé unninn.

Úthald hins opinbera

Um miðvik ársins 2012 náðist mikilvægur árangur þegar virðisaukaskattur var að mestu felldur niður af útblásturslausum bílum. Áður höfðu metanbílar fengið ívilnanir og ljóst er að sá árangur sem náðst hefur í notkun metanbíla, á annað þúsund bíla á landinu í dag, hefði aldrei náðst nema með stuðningi hins opinbera. Þegar ný tækni er innleidd í jafn rótgróið kerfi og nútímasamgöngur eru getur verið erfitt að finna fyrstu viðskiptavinina. Óvissa ríkir um gæði, innviðir ekki sambærilegir við núverandi kerfi og tæknin yfirleitt dýrari í byrjun enda að keppa við yfir 100 ára gamla þróun brunahreyfilsins. Ef markmiðið er að auka notkun á vistvænni innlendra orku í samgöngum er nauðsyn-

legt að veita nýrri tækni ívilnanir fyrstu árin. Stefna stjórnvalda virðist nokkuð skýr samkvæmt stjórnarsáttmálanum en það er að auka veg vistvænnar orku í samgöngum. Hins vegar er mikill skortur á langtímaþefnu í þessum málum. Eins og staðan er í dag munu allar ívilnanir falla úr gildi um næstu áramót og ef þær verða ekki framlengdar er nokkuð ljóst að sala á vistvænum bílum mun heyrja sögunni til! Nú til dags eru slíkir bílar nokkuð dýrari en bensín- eða dísilknúrir bílar í sama stærðarflokki. Ef virðisaukaskattur leggst að fullu á slíka bíla mun verð þeirra hækka um 1-2 milljónir og salan hrynja.

Árangur Norðmanna

Þegar rætt er um innleiðingu rafmagnsbíla er oft horft til Noregs og rætt um þann fráþæra árangur sem þar hefur náðst. Menn furða sig á því hvers vegna Ísland nær ekki svipuðum árangri enda raforka enn ódýrari hér en þar. Í þessu samhengi gleyma menn oft að stjórnvöld í Noregi höfðu til svipaðar ívilnanir og gert hefur verið hér. Hins vegar voru ívilnanirnar lagðar fram til framtíðar og gátu menn því treyst því að stuðningur stjórnvalda yrði

til staðar. Norsk stjórnvöld hafa einnig lagt verulegt fjármagn í uppbyggingu innviða. Þau hafa komið að byggingu og rekstri hleðslustaura og hraðhleðslustöðva og kosta nú rekstur fjölda vetnisstöðva. Að auki er sérstakur sjóður sem fjármagnar rannsóknar- og þróunarverkefni tengd vistvænum samgöngum (hefur um tvo milljarða til úthlutunar á ári). Af þessum ástæðum er því erfitt að bera saman Ísland og Noreg þegar allt er tekið saman.

Næstu skref

Það væri mikil synd ef allt það sem áunnist hefur á síðustu árum væri unnið fyrir gýg vegna úthaldsleysis stjórnvaldamanna. Í stefnuskjali, „Orkuskipti í samgöngum“, sem samþykkt var á Alþingi 2012 var talað um 10% vistvænt eldsneyti fyrir árið 2020. Nú eru söluáætlir eldsneytis skyldaðir til að selja ákveðna hlutfeld eldsneytisins vistvænt og hefur það haft veruleg jákvæð áhrif. Það er því möguleiki að fylgja því átaki eftir og ná 10% markmiðinu. Nú hefur fjöldi aðila lagt í fjárfestingar til að auka aðgengi að vistvænni orku. Það er því búð að undirbúa jarðveginn og Nýorka skorar á stjórnvöld að marka stefnu til lengri tíma þar sem ívilnanir verða enn í gildi svo hin nýja vistvæna tækni verði samkeppnishæf við hefðbundna brunahreyfilsbíla.





7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Mikill bíll – frábært verð

– Kia cee'd Sportswagon

Takmarkað
magn



Tilboðsverð

3.690.777 kr.

Kia cee'd Sportswagon EX 1,6 bensín,
beinskiptur 6 gíra, 135 hestöfl.



The Power to Surprise

Fengum takmarkað magn af ríkulega búnum
Kia cee'd Sportswagon EX með öflugri bensínvél
á sérstöku tilboðsverði.

Dæmi um búnað:

- 16" álfelgur
- Loftkæling (A/C)
- Cruise Control
- Bakskynjarar
- Flex stýrisstilling
- Bluetooth
- USB tengi
- LED ljós
- Aksturstölva
- Hólf milli sæta
- Kastarar með beygjuskynjara
- Hiti í stýri og framsætum
- 525 lítra farangursrými og m.fl.

Aðeins **35.990 kr.** á mánuði í 84 mánuði.*

Komdu og reynsluaktu. **Eigum bíla til afgreiðslu strax!**

*M.v. 1.600 þús. kr. útborgun eða upptökubíl að sambærilegu verðmæti og bílalan Landsbankans í 84 mánuði. 9,4% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,14%.

f Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



550 hestafla sérútgáfa af Range Rover Sport

Enn bætist í flóru sportlegra lúxusjeppa með nýjum bíl frá Land Rover-verksmiðjunum. Nú hefur 550 hestafla sérútgáfa af Range Rover Sport bæst í hóp Mercedes-Benz ML63 AMG og Porsche Cayenne Turbo. Land Rover-verksmiðjurnar hafa náð ótrúlegu afli úr 5,0 lítra V8-vélinni í Range Rover Sport SVR. Þessi sportlegi jeppi er aðeins 4,5 sekúndur í hundræði. Hann kemst því í hundræðið um 20 prósentum hraðar en Mercedes-Benz ML63 AMG og jafn hratt og BMW X5 M þrátt fyrir að vera í jeppaflokki frekar en í flokki sportjeppa. Porsche Cayenne Turbo á þó metið í flokki sportjeppa, er 4,1 sekúnda í hundræðið. Þessi útgáfa af Range Rover Sport er með átta girra sjálfskiptingu og sama girkassa og aðrar Sport-útgáfur bílsins. Girkassinn hefur verið endurstílltur, og skiptir nú 50 prósent hraðar um gir en áður. Þrátt fyrir lúxus og afl hefur ekki verið slegið af kröfum um eiginleika bílsins utan malbiksins. Hann er með tveggja þrepa drif, loftfjöðrun á öllum fjórum hjólum og tölvustýrt fjöðrunarkerfi sem stillir virknina eftir aðstæðum hverju sinni.



Volvo endurnýjar allan bílaflotann á næstu 4 árum

Það hefur sannarlega ekki verið mikil endurnýjun bíla hjá Volvo á undanförunum árum. Eina bílgerðin, utan XC90 jeppans sem Volvo kynnti í síðustu viku, eftir að kínverska fyrirtækið Geely keypti Volvo af Ford er V40 bíllinn. Á næstu fjórum árum verður aldeilis breyting á þessu, þar sem Volvo ætlar að endurnýja allar bílgerðir sínar. Þessum bílgerðum er hægt að skipta í 3 flokka, þ.e. S40, V40 og XC40, S60, V60 og XC60 og S90, V90 og XC90, sem þegar er kominn fram. S90-bíllinn á að taka við af núverandi S80-bíl og V90 tekur við af núverandi V70-bíl. Þá er XC40 glæný gerð og bætist í flokk smárra jepplinga, sem svo vinsælir eru nú um heim allan.

Þessi lína bíla frá Volvo er því ansi skýr og einföld en samantendur aðeins af bílum sem bera stafina 40, 60 og 90. Því hverfur talan 70 úr bílalínu Volvo og með henni XC70-bíllinn sem XC60 mun leysa af hólmi. Volvo mun áfram framleiða R-Design-útgáfur af bílum sínum og einnig kraftaútgáfur sumra af bílum sínum sem bera nafnið Polestar. Ekki er ljóst nú hve margar af þessum 9 bílgerðum fá þá meðhöndlun. Polestar-útgáfur bílanna eiga að keppa við BMW M-bílana, AMG-bíla Mercedes Benz og RS-bíla Audi. Ekki fer neinum sögum af cuope- eða blæjubílum af ofanefndum bílgerðum Volvo. Einnig fer engum sögum af framtíð Concept Coupe-tilraunabíls Volvo, en margir bíða spennitir eftir framleiðslu hans, enda þykir hann einkar spennandi í útliti.

Volvo seldi innan við 400.000 bíla á síðasta ári en allt stefnir í 450.000 bíla sölu í ár. Á næsta ári ætlar Volvo að selja 500.000 bíla en stefnan á allra næstu árum er að framleiða 800.000 bíla á hverju ári. Það er brött áætlun en viðtökur undanfarið, sannfærandi áætlun Volvo og hrifning á nýjum bílum Volvo gæti gert þessa áætlun að veruleika.



Porsche Cayenne E-Hybrid er 416 hestafla spyrnukerra sem eyðir eingöngu 3,4 lítrum.

PORSCHE CAYENNE UPPFÆRÐUR

Fær öflugri dísilvél og nú kemur hann líka í E-Hybrid útfærslu.

Nú á haustmánuðum kemur Cayenne-jeppinn frá Porsche með breyttan svip og ýmsar áhugaverðar breytingar frá fyrri gerð. Ekki er um að ræða kynslóðarbreytingu á bílnum en þó er ansi margt nýtt í bílnum. Bíllinn breytist nokkuð útlitslega, fær nýja húddlínu og stærra grill og mun líkjast mjög nefinu á nýja Porsche Macan-sportjeppanum. Xenon-ljós verða staðalbúnaður í öllum útfærslum Cayenne.

Erfir ýmislegt frá Macan

Afturljósir verða líka breytt og önnur breyting að aftan felur í sér að þústin koma nú út úr afturstuðaranum. Afturhlenn verður auk þess rafdrifinn. Hliðarsvipur Cayenne mun ekki breytast að ráði. Að innan má helst nefna að stýrið verður það sama og er í Macan. Það er leðurklætt aðgerðastýri og mjög

sportlegt. Enn mun bætast við gríðarmikinn staðalbúnað í bílnum og var hann þó ærinn fyrir.

Öflugri dísilvél sem eyðir minna

Ef til vill er stærsta breytingin fólgin í betrubættri dísilvél, en þannig búnir hafa flestir Cayenne-bílar selst hérlendis. Eldri vélin var 245 hestöfl en fer nú í 262 hestöfl. Tog hennar fer frá 550 Nm í 580 Nm. Með nýju vélinni er Cayenne 7,3 sekúndur í hundræðið en var 7,6 sekúndur með þeirri eldri. Þrátt fyrir auknið afl er eyðsla þessrar nýju vélar aðeins 6,6 lítrar en var 7,2 í þeirri eldri. Þetta eru alveg magnaðar tölur fyrir svona stóran bíl og hreint óskiljanlegt hvernig Porsche tekst ávallt að auka afl véla sinna og minnka eyðslu þeirra í leiðinni. Verð á nýjum Cayenne mun halda óbreytt, eða 13.990.000 krónur.

Nýr Cayenne E-Hybrid

Með þessum breytta Cayenne mun Porsche nú bjóða upp á enn eina gerð hans, Cayenne E-Hybrid. Þetta er Plug-In-Hybrid-bíll sem stungið er í samband við heimilisrafmagn. Hleðslustöð fylgir bílnum. Hér er um að ræða mjög áhuga-verða og aflmikla útgáfu bílsins. Hann er 416 hestöfl og koma 333 þeirra frá 3,0 lítra bensínvél og restin frá rafmótörum. Þessi bíll er ekki nema 5,9 sekúndur í hundræðið en samt er uppefning eyðsla hans 3,4 lítrar á hverja hundrað kílómetra. Drægni á rafmagninu er 18-36 kílómetrar og er hugsað aðallega til borgaraksturs. Vélbúnaður þessa bíls er kunnuglegur en sama drifrás er í stóra Porsche Panamera-bílnum. Þessi gerð bílsins kemur örlítið seinna á markað en dísilútgáfan.

Styttist í nýjan Passat

Mun fást með 280 hestafla bensínvél og sem Plug-In-Hybrid.

Volkswagen Passat á sér langa sögu en fyrsta gerð hans var kynnt árið 1973. Hann hefur ávallt verið mikilvægur bíll fyrir Volkswagen og nú er komið að sjöundu kynslóð hans sem kynnt verður nú á haustdögum. Nýr Passat verður byggður á MQB-undirvagninum og verður hann 85 kílóum léttari fyrir vikið. Að utan er bíllinn örlítið styttri og lægri en forverinn en engu að síður er innanrými hans meira, sem og höfuðrými fyrir farþega.

Þó svo að Passat hafi í gegnum tíðina ekki verið lúxusbíll hefur hann aldrei komist eins nálægt því og með þessari nýju kynslóð, en bíllinn verður hlaðinn búnaði og hægt verður að auka við hann með valbúnaði. Þar á meðal er 360 gráðu myndavél sem sýnir allt umhverfi bílsins, sjálfvirka lagningu í bílastæði, búnað sem



greinir gangandi vegfarendur og búnað sem varpar helstu upplýsingum upp á framrúðuna. Mikil val verður um vélbúnað en 240 hestafla dísilvél og 280 hestafla bensínvél toppa það val.

Einnig verður nú hægt að fá Passat sem Plug-In-Hybrid-bíll og er hann 156 hestöfl og kemst

bíllinn fyrstu 50 kílómetrana á rafmagn eingöngu. Þá er líklegt að í kjölfarið verði í boði VR6-útgáfa Passat með 3,0 lítra mjög öflugra vél. Í Kína verður í boði lengri útgáfa af Passat, en eingöngu þar. Sala nýs Passats hefst strax í haust en bíllinn verður kynntur blaðamönnum í október.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VELDU ÞÉR
~ SKEMMTILEGT ~
AKSTURSLAG



NÝR YARIS

Nýr og breyttur Yaris heldur í við framtíðina með snjallri hönnun að innan sem utan. Háþróað margmiðlunarkerfi, nýr 7" skjár og bakkmyndavél ásamt öflugum öryggisbúnaði eru umgjörðin fyrir þitt uppáhalds aksturslag. Hagkvæm eldsneytisnotkun og minni CO₂ útblástur fellur lipurlega að afslöppuðum akstri hvort sem þú velur **bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna**. Líttu inn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skoðaðu, reynsluaktu og taktu lagið á nýjum Yaris.

Verð frá 2.690.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Felgur.is
Gæðavottaðar álfelgur

FOLIATEC

Flott ljós
LED Perur

Sérfræðingar í felgum

AXARHÖFÐA 16 5673322

VOLKSWAGEN
GOLF GTI

2,0 BENSÍNVÉL MEÐ FOR-
ÞJÖPPU, 220 HESTÖFL
Framhjóladrif
Eyðsla 6,4 l/100 km
í blönduðum akstri

Mengun 148 g/km CO2
Hröðun 6,5 sek.
Hámarkshraði 245 km/klst
Verð 5.590.000 kr.
Umboð Hekla



Volkswagen Golf GTI hefur lítið breyst í útliti á milli kynslóða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

FRÁBÆR SEM FYRR
AF NYRRI KYNSLÓÐ

Golf GTI er draumur þeirra sem aka bílum ekki eingöngu til að komast á milli staða, heldur njóta hvernar ökuferðar.

VOLKSWAGEN GOLF GTI
Finnur Thorlacius reynsluegur

Það telst ávallt til tíðinda þegar ný kynslóð kemur fram af bílum sem bjó til „hot hatch“-flokkinn, eða flokk smárra kraftabíla sem byggja á vinsælum bílum sem framleiddir eru í miklu magni. Volkswagen Golf GTI var sem sagt bíllinn sem ruddi þessa braut og margir hafa komið í kjölfarið og reynt að velta Golf GTI af stalli. Það hefur ekki enn tekist þó svo að margir góðir bílar hafi keppt við hann á undanförunum árum. Nú býr Golf GTI að því að vera afsprengi bílsársins í fyrria, hins hefðbundna Golf. Það er ekki slæmt að vera þróaður út frá slíkum gæðabíl. Alveg frá því Golf GTI kom fyrst á markað hefur hann verið yndi þeirra sem fjalla um bíla og dæma þá. Þeirri vegferð er langt í frá lokið og enn eina ferðina hefur Volkswagen tekist frábærlega upp.

Hófstíllt útlitsbreyting en glænýr bíll

Þó svo að hér sé á ferðinni glæný kynslóð Golf GTI er hann hvorki mjög frábrugðinn eldri gerð bílsins í útliti né hefðbundnum Golf, sem nú er af sjöundu kynslóð. Það er heldur ekki þörf á að breyta svo miklu þegar hann er litinn sýnum að þar fer GTI útgáfa bílsins en ekki venjulegur Golf. Hann er 1,5 cm lægri, er á gullfallegum GTI-felgum með rauðan áberandi bremsubúnað og með GTI-merkið í grillinu. Þessi nýja kynslóð hans er nú 5,3 cm lengri, 1,3 cm breiðari og 2,8 cm lægri. Lengra er á milli hjóla og hefur framöxullinn verið færður fram um 4,3 cm. Golf GTI er nú byggður á MQB-undirvagni

Volkswagen eins og sífjögandi bílgerðum Volkswagen-bílafjölskyldunnar og hefur notkun hástyrktarstáls aukist frá 6% í 28% við smíði bílsins. Því þarf minna stál í bílinn, hann léttist og verður allur stífari fyrir vikið. Núna liggur 61% af þyngd bílsins á framöxlinum, en þar er einmitt drif hans.

220 hestöfl og 5,8 sekúndur í 100

Golf GTI er með 2,0 lítra bensínvél með forþjöppu sem skilar 220 hestöflum. Hann er 6,5 sekúndur í hundraðið og því nokkuð sprækur bíll. Nú er hægt er að fá svokallaðan „Performance Pack“ í Golf GTI og eykst þá aflíð um 10 hestöfl og þá fær hann öflugri bremsur að auki. Akstur Golf GTI er bara hrein skemmtun. Hann er að sjálfsögðu stífur bíll á fjöðrun enda á hann að geta tekið beygjurnar hratt en örugglega. Bíllinn er því draumur þeirra sem aka bílum ekki bara til að komast á milli staða, heldur njóta hvernar ökuferðar. Þannig var það í tilfelli reynsluökumans. Bíllinn skortir sjaldan afl og erfitt reynist að halda sér innan löglegra marka um hámarkshraða. Bíllinn er bestur á milli 2.500 og 4.000 snúningum en veldur þó örlitlum vonbrigðum á háum snúningi. Þessi bíll er ekki fyrir þá sem kjósa fyrirhafnarlausu og ljúfa fjöðrun og því gæti mörgum húsfrúnum og þeim sem njóta þess að mynda langa bílaröð fyrir aftan sig fundist hann of hastur. Rétt er að benda þeim á hefðbundinn Volkswagen Golf eða aðra góða fólksbíla. Reynsluakstursbíllinn var með 6 gíra DSG-sjálfskiptingu en einnig má fá hann með 6-gíra beinskíptingu. Sannir bílaáhugamenn taka hann örugglega með beinskíptingu en það verður þó að viðurkennast að hann er ansi skemmtilegur með þessari góðu sjálfskiptingu sem ávallt virðist í réttum gír.

Hekla býður bíllinn aðeins í sínum verðlista með sjálfskiptingunni en hann má að sjálfsögðu sérpanta með beinskíptingu.

Snyrtileg og vel smíðuð innrétting

Innréttingin í Golf GTI er sér kapituli og er þá helst vísað til sætanna. Þau hafa frá upphafi verið með rauðköflottu áklæði og þar vilja Volkswagen-menn ekki beygja af leið, enda eru þau falleg og einkennandi fyrir bíllinn. Allt er mjög snyrtilegt, fagurt og umfram allt vel smíðað í innréttingu bílsins. Stýrið og klæðningin utan um skiptinguna eru ísaumuð með rauðum þræði og segja má því að rauður þráður sé rauði þráðurinn í innréttingu bílsins. Það að nota tauáklæði er enn einn liður Volkswagen í því að halda ávallt niðri verði bílsins og á það við um margt annað í bílnum.

Á mjög góðu verði

Þrátt fyrir allt afl Golf GTI er hann sko enginn eyðsluhákur. Eyðsla hans er 6,4 lítrar í blönduðum akstri og mengun aðeins 148 CO₂. Eitt það albesta við Volkswagen Golf GTI er þó verð hans, en þessi öflugri akstursbíll kostar aðeins 5.590.000 kr. og hafa margir velt því fyrir sér hvernig Hekla getur boðið þennan bíl á svo góðu verði. Það er einmitt kosturinn við þennan bíl að Volkswagen hefur ávallt kosið að halda niðri verði hans og þar sem hann er byggður á bíl sem seldur er í um milljón eintökum á ári er þróunarkostnaður hans lágur og því má betur vanda til í efnisvali og frágangi. Volkswagen Golf GTI er og hefur alltaf verið frábær kostur fyrir þá sem kunna að meta góða bíla og undirritaður hefði ekkert á móti því að einn þeirra væri í innkeyrslunni.

Dick
CEPEK
TIRES & WHEELS

JEPPADEKK

Hljóðlát og endingargóð jeppadekk sem koma þér örugglega hvert á land sem er.



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900
www.arctictrucks.is



KEMUR Á ÓVART
 Hve lítið hann hefur breyst í útliti milli kynslóða
 Hve eyðslugrannur svo öflugur bíll getur verið
 Að krafturinn þverr á háum snúningi

↓

- Skortir afl á háum snúningi
- Hófstillt útlit

↑

- Frábærir aksturs-eiginleikar
- Gott verð
- Vönduð smíði



Golf GTI hefur ávallt verið með rauðköflóttum sætum og því verður ekki breytt í bráð, enda svalt í meira lagi.



Ford stöðvar framleiðslu B-Max vegna slakrar sölu

Ford hefur neyðst til að minnka verulega framleiðslu hins snaggaralega fjölnotabíls B-Max vegna dræmrar sölu hans. Bíllinn sá er framleiddur í Rúmeníu en Ford yfirtók rúmenska bílframleiðandann Automobile Craiova í Rúmeníu árið 2008 og framleiðir nú þar B-Max-bílinn. Sala hans minnkadi í Evrópu um 19,5% á fyrstu sjö mánuðum þessa árs og seldust aðeins 36.167 bílar í samamburði við 44.928 bíla í fyrra. Vegna þessa hefur Ford ákveðið að stöðva framleiðslu hans í nýu daga í september en það kemur í kjölfar sams konar aðgerða á síðustu mánuðum. Í verksmíðu Ford í Rúmeníu vinna 4.000 starfsmenn og þessi nýu daga framleiðslustöðvun er ekki gleðiefni fyrir þá.

Sektaður fyrir bíl sem líkist lögreglubíl

Hin ýmsu ríki Bandaríkjanna hafa mismunandi lög um hversu mikið bílar í eigu almennings mega líkjast lögreglubílum. Að mati lögreglunnar í Braintree í Massachusetts gekk eigandi þessa bíls of langt. Bíllinn er af gerðinni Maserati GranTurismo og á hliðum hans stendur; „Deceptions“ og undir því „To punish and enslave“, eða „Blekkning“ og „Til að refsa og þrælka“. Það þótti lögreglunni ekki fyndið og sektaði eigandann. Eigandinn vildi hins vegar meina að hann væri í raun að hjálpa lögreglunni þar sem hann tæki eftir því að aðrir vegfarendur hægðu ferðina er þeir sæju bíl hans. Þær útskýringar urðu honum hins vegar ekki til hjálpar. Eigandinn þarf að mæta í réttarsal vegna bílsins.

Gott úrval af notuðum bílum

TILBOÐ

NISSAN X-Trail LE. Skr. 04.2008, ekinn 84 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.580.000.
 Rnr.100027.

HYUNDAI i30 Comfort. Skr. 06.2008, ekinn 116 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.790.000.
 Rnr.100045.

Tilboðsverð kr. 1.990.000. Tilboðsverð kr. 1.480.000.

TILBOÐ

SUZUKI Grand Vitara Premium.
 Skr. 05.2011, ekinn 93 P.KM, bensín, 5 girar.
Verð 3.490.000.
 Rnr.100649.

SUZUKI Grand Vitara Premium.
 Skr. 06.2012, ekinn 33 P.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.550.000.
 Rnr.100697.

SUZUKI Swift GL 4x4. Skr. 06.2013, ekinn 44 P.KM, bensín, 5 girar.
Verð 2.590.000.
 Rnr.100684.

SUZUKI Swift GL 4x4. Skr. 06.2010, ekinn 72 P.KM, bensín, 5 girar.
Verð 1.780.000.
 Rnr.100691.

SUZUKI SX4 GLX. Skr. 06.2013, ekinn 39 P.KM, bensín, 5 girar.
Verð 3.090.000.
 Rnr.100686.

M.BENZ C230 K Coupe. Ángerð 2003, ekinn 84 P.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl.
Verð 1.750.000.
 Rnr.100655.



Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið

SSANGYONG KORANDO OG REXTON MÆTTIR AFTUR EFTIR LANGT HLÉ

Rexton er fullvaxinn torfærubíll með hásingu, lágt drif og millikassa og því einn fárra sem má breyta.

Bílabúð Benna seldi dável af bílum frá kór- eska bílaframleiðand- anum Ssangyong hér á árum áður en hlé hefur verið á sölu þeirra á undanförunum árum.

Nú eru tvær bílgerðir frá Ssangyong aftur komnir í sölu hérland- is. Eru það gerðirnar Korando og Rexton sem hafa nú fengið nýtt og laglegt útlit. Eru þessir bílar afar vel búnir miðað við lágt verð þeirra. Korando er fjórhjóladrif- inn jeppingur með 175 hestafla dísilvél og með 18 cm undir lægsta punkt.

Bílablaðamaður Fréttablaðsins fékk að reyna bílinn í síðustu viku og sprautast hann hreinlega áfram með þessari öfluglu vél og er lipur í borgarakstrinum. Hann er ári rúmgóður, með flott leðursæti og vel hlaðinn búnaði. Verð á ódýr- ustu útgáfu hans með beinskípt- ingu er 4.990.000 kr. Sjálfskípt- ur og með leðurinnréttingu kostar hann 5.990.000 kr. og 5.790.000 kr. án leðurinnréttingar.

Rexton er einn fárra jeppa sem hægt er að breyta
Ssangyong Rexton er jeppi og

talsvert stærri um sig. Hann er með 155 hestafla vél og eyðir 7,8 lítrum í blönduðum akstri. Verð hans er 6.990.000 kr. með tau- áklæði en með leðuráklæði og ýmsum viðbótarbúnaði kostar hann 7.690.000 kr. Rexton er full- vaxinn torfærubíll með hásingu og lágt drif og millikassa. Því má breyta þessum bíl, hækka hann og setja undir hann stærri dekk og setja á hann brettakanta. Sjálf- skiptingin er 5 gíra og hann er búinn ESP-stöðugleikastýringu, búnaði sem heldur við í brekkum og fleira góðgæti.

Í dýrari útgáfu hans með leður- innréttingu kemur auk þess sjálf- stæð fjöðrun að aftan, 18 tommu flottar felgur, fjarlægðarskyn- arar, rafdrifin framsæti, minni í speglum og bílstjórasæti, vidar- klæðning í mælaborði, hiti í aftur- sætum, opnanlegur gluggi á aftur- hlera, hiti í framrúðum og ým- islegt fleira. Þeir eru ekki svo margir jepparnir sem breyta má í dag og munu vafalaust margir fagna þessum bíl í fátæklega flóru jeppa sem svona eru búnir. Hann er auk þess með 78 lítra eldsneyt- istanki svo aka má honum 1.000 kílómetra ef vel er ekið.



SSANGYONG KORANDO



SSANGYONG REXTON

FJÖLHÆFUR MERCEDES BENZ V-CLASS

Sex manna með snúningssætum eða með bekkjum fyrir átta farþega, allt eftir þörfum hvers og eins.



Mercedes Benz V-Class er stór en býsna laglegur bíll.

Þeir beinlínis spraut- ast út úr verksmíð- um Mercedes Benz, nýju bílarnir, og einn þeirra hefur náð að ströndum landsins. Það er einn af stærra taginu, þ.e. fjölnota bíll sem við fyrstu sýn lítur út fyrir að vera sendibíll með gluggum á hliðunum. Því er þó ekki að heilsa því þarna fer afar vandaður bíll með flotta innréttingu. Hann er að auki fjárir laglegur að utan. V-Class er bíll sem fá má í feikimörgum útfærslum. Hann rúmar marga og hægt er að fá hann 6, 7, eða 8 manna. Ef hann er sex manna eru fjórir stakir og fallegir snúningstólar aftur í honum en ef hann er átta manna eru tveir þriggja manna bekkir í bílnum. Þannig munu leigubíl-

stjórar væntanlega velja bílinn og er þá kominn góður kostur fyrir þá leigubílstjóra sem vilja hafa þann kost að geta tekið marga farþega.

Brautarkerfi tryggir fjölbærni
Brautarkerfi með hraðlosun- arbúnaði er fyrir sætin sem eru fyrir aftan framsætin og því má á örskotsstundu breyta bílnum í heilmikinn flutninga- bíl, annaðhvort með því að renna sætunum fram eða taka þau hreinlega úr bílnum. Að- eins ein vél er í boði, 2,2 lítra dísilvél, en fæst í þremur útfærslum, 136, 163, og 190 hest- afla. Greinarritari prófað nýjan V-Class nýverið með 163 hest- afla vélinni og er hann merki- lega sprækur með henni. Að auki er þessi stóri bíll eins og fólksbíll í akstri og svo lipur að

hver sem er getur ekið honum. Hann kemur með 7 gíra Tronic Plus-sjálfskiptingu.

Troðfullur af búnaði

Margt var það sem vakti aðdáun, ekki síst hversu vel bíllinn er búinn tæknibúnaði og hversu falleg inn- rétting hans er. Auk þess er sætis- fyrirkomulagið og fjölbærnin sem af því hlýst magnað. Seinna meir mun þessi bíll bjóðast sem húsbíll og er þá fullbúinn með haganlegri innréttingu, lyftanlegu þaki, eldun- araðstöðu, borði og rúmi fyrir tvo. Slíkur bíll ætti að höfða til fólks sem annars hefur kosið að eiga pall- hús sem sett eru á pallbíl. Mikið er af akstursöryggiskerfum í bílnum og má þar nefna blindsvæðisvara, akreinavara, fjarlægðarskynjara, 360 gráðu myndavél og Pre Safe- öryggiskerfi sem verndar farþega þegar líkur eru á árekstri.

VISTVÆNAR SAMGÖNGUR

- vegur eða vegleysa?

JONSSON & LEWIS | SÍA

Græna orkan býður til ráðstefnu 17. september næstkomandi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38

Þátttökugjald er 12.500 kr. og hádegismatur er inni- falinn. Skráning tilkynnist í glk@newenergy.is.

Kynntu þér dagskrána á grænaorkan.is



Hyundai hyggur á lúxusjeppa

Fyrir um áratug hefði flestum þótt óhugsandi að Hyundai setti á markað lúxusbíl. Hyundai hefur síðan þá þó kynnt til sögunnar lúxus- bíla ætlaða fyrir Bandaríkjamarkað, þ.e. bílana Equus og Genesis. Ekki ætlar Hyundai að láta þá nægja heldur hyggur á framleiðslu á lúxusjeppa sem keppa ætti við bíla eins og Lexus RX og Cadillac SRX í Bandaríkjunum.



Ef af framleiðslu slíks bíls verður er ólíklegt talið að hann verði einnig mark- aðssettur utan Bandaríkjanna. Nýr lúxusjeppi Hyundai mundi líklega standa á sama undirvagni og nýr Hyundai Santa Fe. Með því getur Hyundai sparað sér mikið fé í hönnunarvinnu og einbeitt sér að því að gera bílinn sem best úr garði að innanverðu og ytra útliti. Hyundai reyndi á árunum 2006 til 2011 að framleiða jeppa fyrir Bandaríkjamarkað sem var á mörkunum að teljast lúxusjeppi og hét hann Veracruz. Framleiðslu hans var hætt, enda veitti hann Lexus RX-bílnum litla samkeppni.

Zero Emission



Innovation
that excites

ÁRÍÐANDI SKILABOÐ TIL ÞEIRRA SEM LANGAR Í RAFBÍL!

NISSAN LEAF NORDIC
VERÐ FRÁ: 4.490.000 KR.

Heimahleðslustöð ásamt
uppsetningu fylgir öllum
Nissan Leaf frá BL að verðmæti
250.000 KR.



AF GEFNU TILFNI BENDUM VIÐ ÞEIM SEM LANGAR Í RAFBÍL Á NOKKRAR STAÐREYNDIR SEM VERT ER AÐ HAFA Í HUGA.

Í ÁBYRGÐ

Vertu viss um að Nissan Leaf rafbíllinn sé framleiddur fyrir Evrópu því þá fylgir honum 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllunum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðatímann.

AMERÍSKIR EKKI Í ÁBYRGÐ

Þeir Nissan Leaf rafbilar sem eru framleiddir fyrir Ameríku eru ekki í ábyrgð í Evrópu. Söluaðilar Nissan í Evrópu (BL ehf.) geta ekki ábyrgst Nissan Leaf rafbíl, nýja eða notaða, sem framleiddir eru fyrir Ameríku og fluttir til Evrópu.

HJÁ OKKUR FÆRÐU BESTU TRYGGINGUNA

Amerískir Nissan Leaf eru ekki með ábyrgðartryggingu eins og evrópskir. Hægt er að kaupa hjá tryggingafélagi 3 ára ábyrgðartryggingu á nýjan rafbil sem fluttur er inn frá Ameríku fyrir 160.000 kr. Margt af því sem fellur undir verksmiðjuábyrgð framleiðanda er undanskilið í þessari ábyrgð auk þess sem 5 ára ábyrgðartrygging á rafhlöðu er ekki innifalin eins og í bílum sem framleiddir eru fyrir Evrópu.

250.000 KR. HEIMAHLEÐSLUTÖÐ Í KAUPBÆTI

Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. býður fylgir nú hraðhleðslustöð að andvirði 250.000 kr. sem hægt er að setja upp heima eða á vinnustað. Hraðhleðslustöðin fullhleður Nissan Leaf á einungis 4 tímum í stað 11 tíma með hefðbundinni hleðslu.

INNÁBORGUN MEÐ NOTUÐUM BÍL

Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbil frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti. Gerðu frábær kaup á glænýjum Nissan Leaf Nordic. Við hvetjum neytendur til að gera raunhæfan verðsamanburð.

45 DAGA SKIPTIRÉTTUR

Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.*

Sjá nánar á www.nissanleaf.is



Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

*Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bíllinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bílnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bíllinn sé ekinn að hámarki 1.500 km. á tímabilinu.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



PEUGEOT 2008



1,6 DÍSLVÉL, 92 HESTÖFL
Framhjóladrif

Eyðsla 4,0 l./100 km
í bl. akstri

Mengun 103 g/km CO₂
Hröðun 11,5 sek.
Hámarkshraði 181 km/klst
Verð 3.130.000 kr.
Umboð Bernhard



- Lítil djörfung í ytra útliti
- Lítil torfærugeta
- Ekki í boði fjórhjóladrifinn



- Mikið rými
- Aksturseginnleikar
- Vönduð innrétting



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LIPUR OG RÚMGÓÐUR FRAKKI

Hefur selst svo vel að tvöfalda hefur þurft framleiðsluna og núna berast fyrstu eintökin til landsins.

PEUGEOT 2008

Finnur Thorlacius reynsluekur

Einn nýrra bíla Peugeot er 2008 en framleiðsla hans hófst í fyrra. Svo vel hefur þessum bíl verið tekið að Bernhard, söluumboð Peugeot hér á landi, fékk ekki eitt einasta eintak af honum í fyrra, en nú hefur verið bætt úr því. Peugeot ætlaði í fyrstu að framleiða um 300 eintök af þessum bíl á hverjum degi en fyrirtækið hefur þurft að ríflega tvöfalda framleiðsluna til að hafa undan eftirspurn. Þessi bíll er tiltölulega smár, byggður á 208 bíl Peugeot, en er miklu hærri og í honum sitja farþegar hátt. Í útliti er 2008 eins og jepplingur en hann má aðeins fá með framhjóladrifi svo erfitt er að setja hann í þann flokk og því er ef til vill heppilegra að flokka hann á meðal fjölnotabíla. Hann er ámóta að stærð og Nissan Juke, Ford B-Max og Opel Mokka og á að keppa við þá bíla um hylli bílkaupenda.

Fjórir eyðslugrannir vélarkostir

Peugeot 2008 má fá með þremur gerðum dísilvéla. Sú minnsta er 1,4 lítra og 68 hestafla en 1,6 lítra vél má fá í tveimur útgáfum, 92 og 114 hestafla. Einnig er í boði 1,2 lítra bensínvél sem skilar 82 hestöflum. Allar eru þessar vélar sparneytnar og eyða 3,8 til 4,9 lítrum á hverja hundrað kílómetra. Reyndur var bíll með 92 hestafla 1,6 lítra dísilvélinni og með henni er hann hvorki vélarvana né sérlega aflmikill. Reyndar tugar vélin svo ágætlega að borgaraksturinn varð frísklegur og ekki reyndist erfiðleikum bundið að hraða bílnum fram úr

silalegri umferð á stundum. Þar sem bíllinn er ákaflega léttur, eða rétt um 1.100 kíló þarf ekki svo stóra og öflugra vél í bílinn og léttleiki hans eykur líka á aksturseginnleika hans. Fyrir vikið hallast hann ekki mikið í beygjum þrátt fyrir að vera háreistur bíll og getur því farið hraðar í þær en við mætti búast. Fjóðrun bílsins er með ágætum og hann étur ójöfnur í veginum vel. Kemur það ekki á óvart fyrir franskan bíl en þeir eiga það flestir sameiginlegt. Bíllinn líkaði betur og betur eftir því sem honum var meira ekið og umgengni um hann með sína háu setu var þægileg. Lipurð bílsins og léttleiki jók enn á ánægjuna og á endanum var honum skilað með eftirsjá.

Mjög plássmikill og flott sæti

Að ytra útliti er bíllinn nokkuð laglegur, en bílaframleiðendum reynist oft erfitt að gera bíla þessarar gerðar fallega, til þess eru þeir of háir og stuttir. Fyrir vikið er hann ekki tiltakanlega fallegur, en Peugeot hefur farið fremur smekklega og stílhreina leið við hönnun hans, ólíkt til dæmis Nissan Juke, en þar var farin mjög djörf leið sem mörgum annaðhvort mislíkar mjög eða dást að. Að innan er Peugeot 2008 ferlega smekklegur og þar telur undirritaður að Frökkunum hafi tekist betur til en í ytra útlitinu. Sætin eru bæði mjög góð og falleg og er það reyndar alveg í takti við flest sæti sem frá frönskum framleiðendum koma. Meira að segja aftursætin eru þægileg og þar er nægt höfuðrými, enda bíllinn hárt til þaksins. Aftursætin falla alveg flöt niður og myndast þá heilmikið pláss og má þá nota bílinn til flutnings á stærri hlutum.

Til vitnis um gott rýmið reyndist það reynsluökumanni ekki nokkur vandi að setja fjallahjól aftur í bílinn án þess að taka dekkinn af. Mælaborðið er flott, stílhreint og einfalt og upplýsingaskjár fyrir miðju þess þar sem stjórna má mörgu í bílnum. Smíðavinna öll inni í bílnum kemur á óvart fyrir vandvirkni og er þar þýskur bragur.

Á finu verði og til í mörgum útfærslum

Peugeot 2008 er á finu verði og ódýrasta útfærsla hans með 82 hestafla bensínvélinni er á 3.130.000 krónum. Reynsluakstur bíllinn með sjálfskiptingu er á 3.770.000 kr. Dýrasta útfærslan með 114 hestafla dísilvélinni og Allure-innréttingu er á 4.199.000 kr. Að mörgu leyti kemur þessi bíll skemmtilega á óvart. Undirritaður óttaðist að litlar vélar sem í boði eru gerðu hann vélarvana, en svo er ekki og er það helst að þakka lítilli þyngd bílsins. Þessi bíll bætist nú í stækkandi flóru minni jepplinga/fjölnotabíla þar sem samkeppnin fer vaxandi, en hann er gott betur en samkeppnishæfur í þeim flokkum. Hann er enginn torfærubíll en einkar hentugur bíll fyrir breiðan hóp fólks, hvort sem um ungt barnafólk er að ræða eða miðaldra eða eldra fólk sem vill eiga bíl sem tekið getur slatta af farangri. Peugeot 2008 kemur í kjölfar annars frábærs bíls frá framleiðandanum, þ.e. Peugeot 308 sem er bíll ársins í heiminum í ár og þrátt fyrir að hann nái honum vart að gæðum er hér um að ræða aðra vel heppnaða bílgerð frá framleiðanda sem er í mikillki sökni.



Flutningsrými í Peugeot 2008 er merkilega stórt þegar aftursætin hafa verið felld niður og þá verður gólfíð alveg flatt.

ÞURRKUBLÖÐ

Í allar gerðir bíla og vörubíla.



BOSCH

Invented for life

**SJÖ
VERSLANIR**
MEÐ MIKIÐ
VÖRUÚRVAL

Vnr. 067 80199200

GLERFILMA

Rain-X glerfilma,
200 ml, hrindir
frá sér vatni.



1.790 kr.

GÍRAÐU BÍLINN FYRIR HAUSTIÐ

Vnr. A99 8300225

RÚÐUVÖKVI

Bílaaust
rúðuvökvi,
2,5 l, -12°.



Gott verð!

490 kr.

Vnr. A99 830001

**TJÖRU-
HREINSIR**

1 lítri.



690 kr.

Vnr. 015 ST53200SC

STP BENSÍN

Innsýtingar-
hreinsir fyrir
bensín, 200ml



1.290 kr.

**RAFGEYMAR
Í ÚRVALI!**



**VERTU VEL
UPPLÝSTUR**



OSRAM

Vnr. 015 ST55200SC

STP DIESEL

Innsýtingar-
hreinsir fyrir
diesel, með
anti-gel, 200ml.



1.290 kr.

Því bíllinn á gott skilið!

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata, HAFNARFJÖRDUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmói 4, SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGISSTAÐIR, Lyngási 13

www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!



Volkswagen XL1 með 4 dyrum og sætum

Þó svo að framleiðsla hins ofursparneytna bíls XL1 frá Volkswagen sé afar takmörkuð í fyrstu hefur Volkswagen hug á því að taka framleiðslu hans á næsta stig. Það fæli í sér að framleiða hann fyrir fjóra farþega og þá með fernum dyrum. XL1 eyðir svo litlu sem 0,9 lítrum á hverja hundruð kílómetra, vegur aðeins 794 kíló, en tekur aðeins tvo farþega. Nýr fjögurra sæta XL1 myndi veða aðeins meira, en þó ekki nema 940 kíló, eða svipað og nýr Volkswagen up! Heyrst hefur að nýr fjögurra sæta XL1 fengi heitið XL2 og það er sjálfur forstjóri Volkswagen, Ferdinand Piëch, sem mestan áhuga hefur á að framleiða hann. Hann vill viðhalda ímynd Volkswagen sem brautryðjanda í framleiðslu á ofursparneytnum bílum. Honda mun á næsta ári setja á markað ofursparneytninn bíl sem bera mun heitið Honda FCEV og það gæti haft áhrif á ákvörðun Volkswagen um frekari þróun XL1-bílsins. Hætt er við því að Volkswagen þurfi að lækka verulega framleiðslukostnað XL2, en núverandi XL1 kostar 17,2 milljónir króna og því verður hann seint einhver magnsöluþill.



Spá þreföldun álnotkunar í bíla til 2020

Einn stærsti álf framleiðandi í heiminum, Novelis Inc., spáir því að notkun áls hjá bílaframleiðendum muni þrefaldast á næstu sex árum. Núna notar bílaíðnaðurinn 9% af öllu framleiddu áli, en spá Novelis gerir ráð fyrir að sú tala fari upp í 25% árið 2020. Stærsti hluti álf framleiðslu heimsins í dag fer í einnota áldórsir fyrir drykkjarvöru og nemur 60% álf framleiðslunnar. Hún færni niður í 50% ef spá Novelis um aukna notkun í bíla stenst. Griðarlegt magn áls fer nú í framleiðslu á söluhæsta bílnum í Bandaríkjunum, Ford F-150-pallbílunum og sú ákvörðun Ford að nota mikið ál í hann í stað stáls gæti haft keðjuverkandi áhrif til aukinnar notkunar þess. Land Rover er nú að auka mjög notkun áls í bíla sína og Audi hefur til langs tíma notað mikið ál í sína bíla. Mikil pressa er á bílaframleiðendum að minnka eyðslu og losun eiturefna í bílum sínum og ein einfaldasta aðferðin er að létta bílana með notkun áls í stað stáls.

Nýr Nissan Leaf kemst 290 km á hleðslunni

Næsta kynslóð rafmagnsbílsins Nissan Leaf á að geta komist 290 kílómetra á hverri hleðslu rafmagns. Núverandi Leaf kemst 135 kílómetra svo sá ný bætir 115% um betur og munar um minna. Nýr Nissan Leaf verður kynntur árið 2016 og verður hann búinn gerbreyttum rafhlöðum. Núverandi Leaf notar lithium-ion-rafhlöður en sá ný verður útbúinn rafhlöðum sem byggjast á annarri tækni. Þessar nýju rafhlöður verða einnig notaðar í fyrsta rafmagns-

bílunum frá lúxusarmi Nissan, Infinity. Nissan mun líklega bjóða Leaf með mismunandi drægni þar sem sá sem kemst lengst verður talsvert dýrari en núverandi Leaf. Nissan hefur reynt af því að auka sölu Leaf-bílsins með mislangdrægum útfærslum, en hún jókst mjög þegar Nissan kynnti skammdrægari Leaf í fyrra. Nissan ætlar í leiðinni að breyta útliti Leaf verulega og verður hann líkari venjulegum fólksbílum og fremur framúrsteftnulegur, eins og hér sést.



FIND NEW ROADS™



GERÐU BETUR VIÐ ÞIG



SNIÐINN FYRIR ÞIG OG FJÖLSKYLDUNA

Cruze Station er áberandi flottur bíll sem er eins og sniðinn fyrir þig og fjölskylduna. Hann kemur með ríkulegum staðalbúnaði en er jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki – það margborgar sig.

Hluti af staðalbúnaði:

- ABS hemlalesivörn
- EBD hemlajöfnun
- ESP stöðugleikakerfi
- TCS skriðvörn
- Tengir fyrir ípó MP3 spilara
- 6 hátalarar
- Hiti í framsætum

- Hiti í afturrúðu
- Þjófavörn
- 16" álfelgur
- Útvarpsstillingar í stýrishjóli
- Aksturstölva
- Bluetooth símabúnaður
- Fjarstýrðar samlæsingar

- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Þokuljós í framstuðara
- Rafdrifnir speglar / hiti í speglum
- Útthitamælir
- ISOFIX barnastólafestingar
- Miðstöð með loftkælingu
- Hraðastillir (Cruise Control)

Nánari upplýsingar á chevrolet.is | Finndu okkur á Facebook (facebook.com/chevroletisland)



Bílabúð Benna
Reykjavík • Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000 • benni.is

Opíð alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

ENNÞÁ MEIRA FYRIR AÐEINS 190 ÞÚSUND

Eigum nokkra Cruze Station með veglegum aukahlutapakka að verðmæti 190 þúsund.

- Bakkmyndavél
- MyLink upplýsingakerfi
- 7" snertiskjár
- Lyklalaust aðgengi
- Ræsihnaður
- Leðurinnrétting
- Heimreiðarljós
- Tölvustýrð miðstöð
- 17" álfelgur
- Krómaðir hurðahúnar
- Krómaðir gluggalistar
- Regnskynjari

Verð með aukahlutapakka: 3.380 þús.

VERÐ: 3.190 ÞÚS.
CRUZE STATION LT 1.4 TURBÓ

RÝMINGAR SALA

35 - 50%

Afsláttur

Rýmum fyrir
nýjum legsteinum
Takmarkað magn í boði



☎ **555-3888**
Bæjarhraun 26
220 Hafnarfirði
granithollin.is

Graníthöllin
Legsteinar

BÍLAR & FARARTÆKI



NISSAN Micra. Árgæð 2012, ekinn 96 P.KM, bensín, sjálfskiptur. 1.370.000. stg Rnr.106391.



CHRYSLER Town - country stow and go. Árgæð 2012, ekinn 51 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.106372.



LAND ROVER Discovery 3 se. Árgæð 2005, ekinn 140 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.500.000. leður, lúga ofl Skoðar skipti Rnr.231342.

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



TOYOTA Rav4 x. Árgæð 2012, ekinn 52 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Krókur. Verð 4.470.000. Rnr.181911.

Toyota Kletthálsi
Kléttháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is



NISSAN Qashqai+2 se. Árgæð 2011, ekinn 78 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.240161.



MERCEDES-BENZ A 200 amg style. Árgæð 2013, ekinn 13 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.990863.



Kia Sorento EX classic 197 hö. Árgæð 2012, ekinn 64 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.140789. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Skoda Octavia 1.6 Dísel Combi Árgæð 2010. Ekinn 116p.km. Beinsk. Toppjónusta. Flott eintak á staðnum. Skipti skoðuð. Verð 2.730p.kr. Raðnr 156346. Sjá á www.stora.is



NÝR BÍLL
Toyota Proace LX Langur. Árgæð 2014. Er á staðnum. Verð 4.890.000kr m/VSK. Uppitaka skoðuð. Raðnr 156362. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndefirlit á plani
<http://www.stora.is>



2014 NÝJIR CHRYSLER TOWN & COUNTRY LIMITED
Flottasti fjölskyldubíllinn, V6 290hö, eyðsla í blönduðum akstri 11.8. Með öllum lúxus, 2x Blueray DVD afurri, Rafmagn í hurðum omfl, Tilboðsverð aðeins 8.390þkr, Eru í salnum,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15
<http://www.isband.is>



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bíllinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00, lokað lau
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Ford 1936 V8 til sölu Innfluttur frá Nýja Sjálandi 2004 - Uppgerður sýningarbíll Tilboð óskast - ekkert undir 5.000.000kr Uppl. í s. 856 4481



TIL SÖLU
M.Benz ML 500 AMG útlit, árg.2003. EK 152.000m sjálfskiptur. Ásett verð 1.980.000 Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í s: 822 2965.

500-999 þús.



FOCUS C-MAX - TOPP EINTAK!
Ford Focus C-Max 1.6 árg .05. ek. 154þús. bsk. sko .15. smurbók. virkilega heill og góður bíll sem hefur verið hugsað vel um. ásett v:1.090þús. Tilboðsverð: 890þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



TILBOÐSVERÐ 550PÚS STG
Renault Megane sport tourer 1.6 árg .04. ek. 158þús km. sko'15. bs, heilsársd., góður bíll. ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 550þús stgr ! möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



FLOTTUR SPARIBAUKUR - VÍSLÁN!
VW FOX 1,2 árg 2005 ek.107 þús, 3ja dýra, beinsk, ný skoðaður 2015, ný dekk, flottur snattari sem eyðir litlu um 5ltr/100 verð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 mán s.8418955



SJÁLFSKIPTUR - LÍTÍÐ EKINN
